

SIRKUS

RVK

25. NÓVEMBER 2005 | 23. VÍKA

Jngí


Budjón

Kallí

ÍSLENSKIR BLÖKKUMENN

ELSKUM DÆTUR ÍSLENSKRA RASISTA

VERSTU OG BESTU HLJÓMSVEITARNÖFNIN
ÍSLENSKU BÖNDIN MEÐ STOLNU NÖFNIN
AUDDI OG SIGGI SIGURJÓNS Á KLÓSETTINU
+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR-
OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK



KR. 300



LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARDARSSON • TÓNLIST OG SÖNGTEXTAR: NICK CAVE OG WARREN ELLIS

GEORGE BÜCHNER

WOYZECK

Evening Standard ★★★★★

Guardian ★★★★★

Blaðið ★★★★★

Time Out ★★★★★★

Vesturport

NÆSTU SÝNINGAR: FIMMTUDAGUR 10/11 • FÖSTUDAGUR 11/11 • FÖSTUDAGUR 18/11 • LAUGARDAGUR 19/11 • LAUGARDAGUR 26/11 • SUNNUDAGUR 27/11
MIÐVIKUDAGUR 30/11 UPPSELT • FIMMTUDAGUR 1/12 • FÖSTUDAGUR 2/12 • MIÐVIKUDAGUR 7/12 UPPSELT • FIMMTUDAGUR 8/12

WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER • MIÐAPANTANIR Í SÍMA 568 8000

BORGARLEIKHÚSIÐ



TROMMUSETT

Landsins mesta úrval af trommusetum og trommuvörum!



Premier



Premier Olympic
með stól og diskum
39.900,-

Heimspekt merki!

YAMAHA
DRUMS

SABIAN

Zildjian

TAMA

Premier

pdp

VIC FIRTH

...og fleiri!



KENNSLUEFNI

pdp



Pacific EZ
með diskum
36.500,-



ALLAR GERÐIR AF SLAGVERKI



SYMBALAR Í MIKLU ÚRVALI



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Flott og kúl bók

Er ég bara
flatbrjósta nunna?



Bryndís Jóna
Magnúsdóttir

**Bókin sem allar stelpur
verða að lesa!**


Bryndís Jóna Magnúsdóttir, 24 ára frá Keflavík, er ný og fersk rödd í íslenskum unglingsbókmenntum. Hér er á ferðinni flott og kúl bók um stelpu sem þjáist af mikilli ástsýki og feimni og tilraunum hennar til að næla í Danna, sætasta strákin í skólanum ...



Bryndís Jóna Magnúsdóttir

Boltinn rúllar ...

Íslensk knattspyrna eftir Víði Sigurðsson, blm. á Morgunblaðinu, er einstök bókaröð. Hér er að finna allt um íslenska boltann sem nöfnum tjáir að nefna. 224 bls - þar af 64 í lit. Í stóru broti. 320 ljósmyndir. Eldri bækur fást á tilboði.



Tindur
B ó k a ú t g á f a

Í samstarfi
við KSÍ



SIGRÚN BLOMSTERBERG! MYNDI EFLAUST VINNA KEPPNINA, TÆKI HÚN ÞÁTT. EN VÆRI EKKI FREK-AR NÆR AÐ LÁTA HANA STJÓRNA ÞÆTTINUM?

RAUNVERULEIKAÞÁTTURINN SO YOU THINK YOU CAN DANCE HEFUR SLEGIÐ Í GEGN Á SJÓNVARPSSTÖÐINI SIRKUS. VIÐ HJÁ SIRKUS REYKJAVÍK VILJUM LÁTA GERA ÍS-LENSKA ÚTGÁFU AF ÞÆTTINUM. SIGRÚN BLOMSTERBERG DANSDROTTNING MYNDI AÐ SJÁLFSÖGÐU STJÓRNA SHOWINU EN HÚN SEGIST KLÁR Í SLAGINN EF KALLIÐ KEMUR.

ALLTOF GÓÐ HUGMYND TIL AÐ SLEPPA HENNI

„Ég held að þetta sé alltof góð hugmynd til að sleppa henni,” segir Sigrún Blomsterberg dansari aðspurð hvort hún vildi ekki gera íslenskan þátt í anda *So you think you can dance*. „Ég held að það sé alveg markaður fyrir þætti í þessari mynd. Það er mikil endurnýjun að eiga sér stað í dansinum hér á landi,” segir dansdrottningin sem bjó í Los Angeles í sumar og kynnti sér nýjustu strauma og stefnur í hiphop-dansi. „Það eru allir að horfa á þessa þætti og þetta er alveg málið. Það væri alveg meiriháttar ef þessu yrði komið í framkvæmd því þetta yrði skemmtilegt innslag inn í dansheiminn sem er í örur vexti.”

En stendur ekki gamla góða frístælkeppnin fyrir sínu?

„Hún stendur alveg fyrir sínu. En mætti vera stærr og meiri umgjörð í kringum hana eins og hér áður fyrr. Þá mættu hóparnir leggja meira á sig en þeir gera í dag,” segir Sigrún. Hún hélt hiphop-dansnámskeið í haust í samvinnu við erlenda aðila og sló það í gegn. Uppselt var á námskeiðið og komust færri að en vildu. Nú stefnir Sigrún á að halda tvö slík námskeið á hverju ári, eftisþurnin er slík. Þessa dagana er Sigrún á fullu að kenna dans en stefnir að því að fara til Los Angeles á nýju ári og halda áfram að kynna sér það nýjasta.

Tinna Jóhannsdóttir, sjónvarpsstjóri Sirkuss, segir hafa heyrt hugmyndina um íslenska útgáfu af þættinum *So you think you can dance* áður og finnst hún góð. „Þetta er frábær þáttur og þetta er frábær hugmynd. Það væri gaman að geta gert þetta og málið er í skoðun,” segir Tinna. Íslensk útgáfa þáttarins myndi eflaust bera nafn á borð við *Svo þú þykist geta dansað?*

-HH

HRESSANDI



SUZUKI JIMNY

Þannig bíll er skyldueign á öllum heimili landsins. Það þekja það allir að vakna að morgni og líta út um gluggann, skjannhvít jörð og skafrenningur. Þú sérð sjálfa/n þig fyrir þér að bögglast á fólksbílnum í gegnum harðan veturinn. Þá er gott að eiga almennilegan jeppa sem að kemur þér hvert sem þú villt fara.



PRJÓNAMENNSKA

Eitthvað sem er gott að kunna í vetur þegar snjónum kyngir niður. Þunnir leðurjakkar geta verið leiðinlegir hvað kulda varðar á veturna og þá er gott að geta gripið í prjónana. Þú prjónar bara á þig peysu, trefil, vettlinga og ullarsokka. Þá er þér aldrei kalt enda segja þeir að íslenska ullin sé það besta í heimi. Allavega gegn kulda.



ÚTHVERFADJAMM

Það getur orðið preytandi til lengdar að flakka milli staða í 101. Hitta sama fólkið helgi eftir helgi. Allir með öllum og allt hvað eina. Þá getur verið gott að bregða sér upp í Grafarvog á Klúbbinn eða Gullöldina og dansa við góða smelli með Geirmundi eða Mannakornum. Fin tilbreyting.

EFNI

5 – So you think you can dance á Íslandi

8-9 – Black Star - Elska dætur íslenskra rasista

10 – Curver mixer Mammút

14-15 – Auðunn Blöndal og Siggí Sigurjóns tala um typpi

19 – Robbi Chronic Vs. Brynjar Már

26 – Besti geisladiskur sem ég hef átt

28-29 – Bestu og verstu hljómsveitanöfn Íslandssögunnar

32-33 – Kína úr fjöldaframleiðslu í hátísku

39-42 – Sódóma reykjavík

44 – Gillzenegger á leið í framboð

44 – Rokkmamma í Breiðholti

EMILÍANA TILNEFND TIL PLUG-VERÐLAUNANNA

Kópavogsbúinn Emiliana Torrini hefur verið tilnefnd til áströlsku Plug Award-tónlistarverðlaunanna sem besti kvenlistamaður ársins. Emiliana, sem er 28 ára, gaf fyrr í ár út diskinn *Fisherman's Woman* sem hefur selst vel bæði hér heima sem og erlendis. Emiliana er þessa dagana stödd á tónleikaferðalagi um Ástralíu. Hún byrjaði sl. miðvikudag í Melbourne og lýkur svo ferðalaginu í Perth þann 2. desember nk. Aðdáendur hennar eu hvattir til að fara á netsíðuna www.plugawards.com/ og kjósa Emilíönu kvenlistamann ársins.



SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Hannes Steindósson

Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson

Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is

Ritstjóri: Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir, Óli Hjörtur Ólafsson og Sólmundur Hólm.


Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is

Prentun forsíðu: Prentmet

Prentun: Ísafold



Forsíðumyndina tók Teitur af meðlimum hljómsveitarinnar Black Star ásamt listdönsurum frá Goldfinger.





JAKOBÍNARÍNA
GÓÐIR Á ÞVÍ. NÚ ERU
ÞEIR KOMNIR Í SLÖKUN.

WHITE STRIPES BETRI Í MINNA HÚSNÆÐI

HLJÓMSVEITIN JAKOBÍNARÍNA ER EINHVER SÚ FERSKASTA Í DAG. Á SUNNUDAGINN HITADI SVEITIN UPP FYRIR WHITE STRIPES Í LAUGARDALSHÖLL. GUNNAR RAGNARSSON, SÖNGVARI JAKOBÍNURÍNU, ER HÓGVÆR ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ AÐ RÆÐA TÓNLEIKANA.

„Það var bara gaman,“ segir Gunnar Ragnarsson, söngvari hljómsveitarinnar Jakobínurínu. Sveitin hitaði upp fyrir hljómsveitina White Stripes í Laugardalshöll síðasta sunnudag. „Já, þetta gekk ágætlega svosem.“ Gunnar er hógværdin uppmáluð þegar kemur að því að ræða tónleikana.

„Við vorum að taka sama efni og við vorum að taka á Airwaves. Það var gaman því þarna var fullt af fólki sem hefur aldrei heyrt þetta efni áður,“ segir Gunnar.

Hvernig ert þú að fíla White Stripes?

„Mér finnst þetta fint band en mér finnst þetta ekki alveg passa í svona stóru húsnæði. Meira bara svona chilluð barstemning yfir

þessu. Þau eru reyndar orðin of stór fyrir þannig tónleika núna,“ segir Gunnar.

Sviðsframkoma Jakobínurínu er líflæg í meira lagi. Því getur Gunnar ekki neitað. „Já, við erum hressir,“ segir Gunnar.

Þegar ungar hljómsveitir koma fram á sjónarsviðið setja margir upp spekingssvip og fara að líkja þeim við aðrar grúppur sem hafa skapað sér sess á undan. Gunnar sér í gegnum þetta. „Það er alltaf verið að reyna að líkja okkur við ýmis bönd. Maður heyrir talað um einhvern Manchester-fíling. Sagt að við minnum á Joy Division, Madness og fleiri bönd. Nú síðast heyrði ég Franz Ferdinand sem er eitthvert mesta rugl sem ég hef heyrt,“ segir Gunnar og gefur lítið fyrir svona viðlíkingar.

Næst á dagskrá hjá sveitinni er hreinlega að slaka eilítið á. Einnig stefna þeir að því að gera myndband við nýjasta lag þeirra, I've got a date with my television. „Við eigum inni myndband eftir að við unn-um Músíktílaunir. Við höfum bara aldrei nennt að hringja í gaurana sem eiga að gera það,“ segir Gunnar og hlær. Milli þess sem þeir slaka á og reyna að taka upp símann og hringja stunda strákarnir nám í hinum ýmsu skólum höfuðborgarsvæðisins. -SHS



MANSTU EKKI EFTIR MÉR?

CLOONEY Á KANTINUM ER ORÐINN ÁSTKÆR FJÖLSKYLDUFADIR

Ágúst Guðmundsson, eða Gústi Clooney, nú eða jafnvel Clooney á kantinum, sló í gegn sem „sidekick“ í þáttunum *Með hausverk um helgar* undir lok síðustu aldar. Einn vinsælasti frasi ungmenna á Íslandi á undanförunum árum, „á kantinum“, má algjörlega rekja til Gústa.

„Síggi Hló vinur minn byrjaði að kalla mig Clooney á kantinum því ég vann með honum á Þjóðleikhúskjallaranum og var iðulega við hornið á barnum,“ segir Gústi Clooney. Hann segist ekki sakna gamalla tíma en segir það

hafa verið frábæra reynslu að hafa unnið í sjónvarpi. Í dag er Gústi hætstur að þamba bjór alla föstudaga og nýtir krafta sína í að sinna konu sinni og fjórum börnum. Þessar stundir er hann í fæðingarorlofi en hann vinnur sem sölufulltrúi hjá Apple-umboðinu.

Fer það í taugarnar á þér að fólk muni eftir þér sem Clooney á kantinum? „Nei, alls ekki. Ég er sjálfur mikill húmoristi og hef bara gaman af þessu.“ Gústi var þó ekki eina svokallaða hliðarstjarnan í þættinum vinsæla því eflaust muna margir eftir Rúna Russell. HH

9

VÍSÞENDINGAR UM
AÐ FÉLAGI ÞINN SÉ

Á STERUM



Hann er kominn með jafn kringlóttan haus og Wayne Rooney.



Æðin í hálsinum á honum er orðin jafn þykk og garðslanga.



Hann er farinn að kalla handleggina á sér „byssurnar“ eða „Da Gunz“.



Hann fær sent jóla-kort og konfektíkassa frá Lyf og heilsu.



Hann veit nákvæmlega hvaða sprautu-stærð og hvaða skammta George Clooney notar í ER.



Hann er kominn með hærri kollvik en Ómar Ragnarsson.



Hann skallar stelpurnar á American stiel ef þær gleyma kokteilsósunni með frónskunum.



Það þarf sláttuvél til að raka á honum bakið.



Hann verður graður þegar hann skoðar Byko-bæklinginn.

TYGGAÞATTAÐ

MEÐ
AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



NASA VIÐ AUSTURVÖLL

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR OG Á midi.is



Guðjón

The Kid

ER GRÍNARINN Í HÓPNUM. ALLTAF MEÐ EITTHVAÐ SPAUG Í GANGI. EF BLACKSTAR NÆR AÐ SLÁ Í GEGN Á ERLENDRI GRUNDU VERÐUR HANN AÐAL TALSMADUR HLJÓMSVEITARINNAR. ELSKAR AÐ HAFA ORÐIÐ OG VIÐRA SKOÐANIR SÍNAR. THE KID ER EMINEM OKKAR ÍSLENDINGA.

ELSKA

KALLI, INGI OG GUÐJÓN EÐA AFRICAN CHILD, EDDIE BOY OG THE KID EINS OG ÞEIR KJÓSA AÐ KALLA SIG SKIPA GANGSTARAPPHLJÓMSVEITINA BLACK STAR. ÞEIR ERU ALLIR FRÁ AFRÍKULANDINU GHANA EN HAFU ALLIR BÚIÐ HÉR Í ÞRJÚ TIL FJÖGUR ÁR OG HLOTIÐ ÍSLENSKAN RÍKISBORGARARÉTT. SIRKUS RÆDDI VIÐ ÞÁ UM UPPVAXSTARÁRIN Í GHANA, GANGSTARAPP, DRAUMANA, KYNÞÁTTAHATUR OG FRAMTÍÐINA.

Stjarna er risin. Hún er svört. Rapphljóm-sveitin, Black Star, er mætt og er ekkert á förum. Læsið dætur ykkar inni og verið alltaf á varðbergi því fyrsta íslenska „gangsta rapp“ hljóm-sveitin hefur litið dagsins ljós. Þeir African Child, Eddie Boy og hinn magnaði The Kid ætla taka hip hop senuna hér á landi upp á næsta þrep. Þeir eru ekki blóðbræður en bræður engu að síður að sögn The Kid. Allir komu þeir hingað til lands með mæðrum sínum sem þeir segjast elska meira en allt annað.

EDDIE BOY NÆSTUM DREPINN

Strákarnir koma frá Afríkulandinu

Ghana þar sem meira en 50 tungumál eru töluð. Þegar þeir mæta í Skaftahlíðina til að hitta blaðamenn Sirkus og ræða við þá á einu tungumáli – ensku. Það er létt yfir þeim. African Child og The Kid eru greinilega grínararnir í hópnum á meðan Eddie Boy er sallarólegur og djúpt þenkjandi. African Child rifur strax upp síma sem er í fundarherberginu og þykist panta sér písu. Strákarnir hlæja og við þorum ekki öðru en að hlæja með.

Eddie Boy er hokinn af reynslu og segir okkur frá árunum í Ghana. „Ég var klikkaður þegar ég var yngri. Mjög klikkaður. Í dag er ég þakklátur fyrir að vera á lífi. Því einu

sinni var ég að hlaupa um í skóginum og það var skotið á mig úr byssu. Kúlan fór rétt fram hjá hausnum á mér.“ The Kid tekur undir orð Eddie og þakkar fyrir að félagi sinn sé enn á meðal okkar. „Já hann hefði vel getað dáið. Það halda hins vegar allir að African Child sé svo góður strákur af því hann lítur svo sakleysislega út. Hann er með barnslegt útlit en klikkað innræti.“


ELSKAR DÆTUR RASISTA

Aðspurðir hvort þeim líki lífið hér á Íslandi segir The Kid. „Já okkur líður mjög vel hérna. Reyndar er til fólk hér á Íslandi sem líkar ekki við okkur.“ *En verðið þið*

varir við kynþáttahatur hér á landi? „Já við verðum mikið varir við kynþáttahatur. Við höfum lent í útistöðum við fjölmarga kynþáttahatara, en við hlæjum að þeim,“ segir Eddie Boy. African Child er greinilega umhugað um þessi mál, „Ég elska rasista og sérstaklega dætur þeirra.“

STELPURNAR DÝRKA AFRICAN CHILD

African Child er kvennamaðurinn í hópnum, hann og Eddie eru báðir í föstu sambandi með íslenskum stelpum á meðan The Kid er að hitta eina þessa dagana. „Þú ættir að sjá stelpurnar sem eru alltaf að reyna við þá (African Child og Eddie



RASISTA

Kollí

African Child

ER „PLAYERINN“ Í HÓPNUM. STELPURNAR
ELSKA AFRICAN CHILD SEM MEÐ RÍMUM SÍNUM
FÆR ÞÆR ALLAR TIL AÐ DREYMA. ÞÁ ER
HANN EINNIG LÉTTUR Í LUND OG HEND-
IR INN BRÖNDURUM VIÐ OG
VIÐ. AFRICAN CHILD ER
LL COOL J OKKAR ÍS-
LENDINGA.

ISTA

Boy). Það eru virkilega flottar stelpur. Stelpurnar eru sérstaklega hrifnar af African Child,” segir The Kid.

Bæði African Child og Eddie Boy hittu kærustur sínar á skemmtistaðnum Ópus þar sem þeir fóru mikið áður en staðnum var lokað. Allir eru þeir bindindismenn og hafa aldrei prófað tóbak né áfengi.

RAPPA UM UM ÁST OG HATUR

Eftir að hafa kynnst drengjunum lítillega förum við að ræða það sem skiptir þá mestu máli, rappið. Hvernig byrjaði þetta? „African Child hefur verið að rappa frá því hann kom til landsins og þá

var hann bara einn. En síðan komum við Eddie Boy honum til aðstoðar,” segir The Kid og telur African Child einn fremsta rappara landsins og þó víða væri leitað.

„Textar okkar fjalla um allt það sem við sjáum í kringum okkur. Vandamál, lífið, ástina og hatur. Við lítum mikið upp til 50 cent, Busta Rymes, Ja Rule, Dr. Dre, Eminem og þessara helstu,” segir Eddie Boy og lætur ekki gabba sig út í einhverjar yfirlýsingar þegar hann spurður hvort þeir ætli sér ekki að verða heimsfrægir. „Við þurfum að huga vel að ímynd okkar og passa okkur á því að haga okkur vel. Ef við

náum upp góðri ímynd þá er ég viss um að útvarpsstöðvarnar fari að spila lög okkar í frekara mæli.“

Strákarnir eru búnir að taka upp myndband við sitt vinsælasta lag, Party Time og kemur það í spilun í næsta mánuði.

PARTY TIME Á EFTIR AÐ GERA ÞAÐ GOTT

Að lokum ræðum við um framtíðina. „Vonandi náum við að gera það gott í tónlistinni svo við getum einbeitt okkur að henni,” segir The Kid og er sannfærður um að lagið Party Time eigi eftir að fara hátt á vinsælarlistunum. Eddie Boy og African Child eru einnig bjartsýnir á

framtíðina. African Child leggur hart að sér þessa dagana en hann er að safna sér peningum til að fara á heimsmeistarakeppnina í fótbolta sem haldin verður í Þýskalandi næsta sumar þar sem landslið Ghana verður á meðal þátttakenda í fyrsta skipti.

Við kveðjum strákana í Black Star en rétt áður en þeir labba út gengur African Child að okkur og spyr, „fer blaðið ekki til Bakkafjarðar? Því ég vil að allir sjái að ég og félagar mínir séum að gera það gott hér í Reykjavík.“

Hjörvar Hafliðason
Sólmundur Hólm Sólmundarson.

Ingí

Eddie Boy

INGI, EDDIE ER ALLTAF AÐ HUGSA
OG PÆLA HVERNIG BEST SÉ AÐ
GERA HLUTINA. ÞAÐ ER EKKI
HÆGT AÐ KOMA HONUM ÚR
JAFNVÆGI. EDDIE BOY ER MET-
HOD MAN OKKAR ÍSLENDINGA.

OG SÉRSTAKLEGA DÆTUR ÞEIRRA



GUÐRÚN ÍSAKSDÓTTIR
BASSALEIKARI MAMMÚT HEFUR Í NÓGU
AÐ SNÚAST ÞESSA DAGANA.

HLJÓMSVEITIN MAMMÚT VAR
STOFNUÐ FYRIR TVEIMUR
ÁRUM. HÚN TÓK SVO ÞÁTT Í
MÚSÍKTLRAUNUM ÁRI SEINNA
OG VANN. EINNIG VAR HÚN
VALIN SEM ATHYGLISVERÐ-
ASTA HLJÓMSVEITIN. SÍÐAN ÞÁ
HEFUR HLJÓMSVEITIN HALDIÐ
ÁFRAM Á SÖMU BRAUT. VON
ER Á SJÖ TOMMU PLÖTU FRÁ
HENNI FYRIR JÓL OG BREIÐ-
SKÍFU Í FEBRÚAR.

CURVER RÍMIXAR MAMMÚT

„Við erum að fara að gefa út okkar fyrstu plötu í febrúar,“ segir Guðrún Ísaksdóttir, bassaleikari hljómsveitarinnar Mammút. Stúlkurnar í Mammút ætla þó að gefa út sjö tommu vinyllplötu fyrir jól. Þar verður eitt nýtt lag en hin lögin eru frá 2004. „Við erum búnað að vera að vinna í stúdíói Sigur Rósar, Sundlauginni, sem er mjög flott stúdíó. Við vorum líka mjög fljótir að taka upp plötuna, bara tvo daga,“ segir Guðrún sem var á leið í hljóðver að rímixa eitt lag á plötunni þegar blaðamaður Sirkus náðu tali af henni. Það er óhætt að segja að stúlkurnar í Mammút fái aðstoð frá reyndum mönnum. Sjálfur Curver ætlar að sjá um að rímixa plötuna þeirra. „Hann bara bað um að fá að gera það og við vorum auðvitað rosaánægðar með það. Það er alveg frábært,“ segir Guðrún eldhress. Þess má til gamans geta að Curver pródúseraði plötuna Halldór Laxness með Mínus og hefur sú plata fengið afbragðsdóma víða um heim eins og allir rokkarar ættu að vita.

Það er augljóslega nóg að gera hjá stúlkunum í Mammút. Hljómsveitin var að sögn Guðrúnar stofnuð því hún og stelpurnar í bandinu voru svo bitrar og höfðu ekkert að gera. „Þannig að við ákváðum bara að stofna hljómsveit. Ég fór í næstu hljóðfæraverslun og keypti mér bassa og byrjaði að spila,“ segir Guðrún.

Milli þess sem Guðrún er í hljóðveri vinnur hún á kaffihúsi hér í borg. Hinir meðlimir sveitarinnar eru í menntaskóla. Smekkleysa kemur til með að gefa út efni sveitarinnar sem vann Músíktílaunir árið 2004. Guðrún brá sér á sunnudagskvöldið á Tónleika með White Stripes þar sem arftakar Mammút, hvað varðar sigur á Músíktílaunum, voru að spila. „Það var frábært á White Stripes og gaman að sjá Jakobínarínu spila. White Stripes var einmitt uppáhaldshljómsveitin mín þegar ég var yngri og Jakobínarína er að gera góða hluti,“ segir Guðrún og heldur áfram að þjónusta kaffiþyrsta einstaklinga.

-KRV

CURVER
BIRGIR ÖRN THORODD-
SEN ÆTLAR AÐ RÍMIXA
SJÖ TOMMU VÍNYL MEÐ
MAMMÚT.

BÚINN AÐ STOFNA NÝJA HLJÓMSVEIT

„Ég tók upp þessa plötu í mars,“ segir Daníel Þorsteinsson, betur þekktur sem Danni í Maus. Nú þegar hljómsveitin Maus er í fríi hefur Danni snúið sér að öðrum verkefnum. „Þetta er svona emó rokkstöff sem ég ætla pottþétt að gefa út. En ég er ennþá að spá í einhverjum heppilegri söngvara en mér,“ segir Danni um það efni sem hann hefur verið að vinna að. „En ég er reyndar búinn að stofna aðra hljómsveit. Hún hefur fengið nafnið

Sometime og er alveg crazy. Þar er ég á trommum og Bjóssi, Dj Dize, sem var í Quarashi að skratsa, svo er Curver að fokka eitthvað í þessu sem við erum að gera,“ segir Danni en það er þegar búið að bóka fyrstu tónleika þeirra, sem munu vera á Sirkús einhvern tímann í desember. „Þetta er engu líkt sem ég veit um. Þetta er alveg freaky shit, tilraunakennt, elektróník og danstónlist allt blandað saman,“ segir Danni um sína nýju hljómsveit.

HVER ERT ÞÚ?



IMMA NIRVANA AÐDÁANDI

SIRKUS STOPPAR ÓKUNNUGA MANNESKJU
ÚTI Á GÖTU TIL AÐ VITA MEIRA UM HANA

Hver ert þú?

Ég er Imma. Sautján ára á félagsfræðibraut, en ég er samt fallin held ég.

Hvað gerir þú yfirleitt um helgar?

Skemmti mér. Partí með vinum mínum. Flöskudagar, haugadagar og þynnudagar. Fer aðallega á Boomkicker. Það er snilldarstaður, þar hanga allir rokkararnir.

Háskóli Reykjavíkur/Háskóli Íslands?

Hvorugt, ætla í leiklist í Listaháskóla Íslands.

Hvaða Nylon-stelpa er í uppáhaldi?

Hef engan áhuga á þessum tussu-pussu-kuntum því þær eru FM-hnakkar í Versló sem eru algjörlega í hina áttina.

Fékkstu kynfræðslu frá foreldrum þínum?

Nei, jú, nei, eða þau reyndu og eru reyndar alltaf að reyna ennþá svona lúmskt að smygla því að.

Hvert stefnir þú í framtíðinni?

Ég stefni á að verða underground-leikkona, annars erum við vinkonurnar að fara til Seattle þann 20. febrúar út af afmælisdegi Kurts Cobain.

Er í lagi að setja mynd af nauðgara á forsíðu blaðs?

Já, það finnst mér. Ég myndi reyndar ósjálfrátt berja hann ef ég myndi sjá hann niðri í bæ.

One Tree Hill eða O.C.?

Bæði betra, eða bara One Tree Hill út af því að það halda allir hinir með O.C.

Uppáhalds frægi Íslendingurinn?

Silvía Nótt er best, hún er alltaf að gera grín að fyndnu fólki, algjör snilld.

Krummi í Mínus eða Arnar Grant?

Hver er Arnar Grant? Krummi finnst mér vera kynþokkafyllsti maður Íslands og já, Ragnar Sólberg líka. Þeir saman í samloku væri æði.

Hvað svo?

Ég og vinkona mín vorum rétt í þessu að stofna hljómsveit, hljómsveit þar sem við spilum á spil. Já, svo ætla ég að fara í Kvík-myndaskóla Íslands.



Við opnum bianca



Í tilefni af opnun bianca bjóðum við
15% afslátt fimtudag og föstudag!

Nýbýlavegi 12, Kópavogi, Sími 554 3533



BJARTASTA VON ÍSLENSKRAR KVIKMYNDAGERÐAR

ELVAR GUNNARSSON ER HVÆÐ ÞEKKTASTUR FYRIR GOTT FLÆÐI Í RAPPTEXTUM. UNANFARIN MISSERI HEFUR HANN SNÚIÐ SÉR Í AUKNUM MÆLI AÐ KVIKMYNDAGERÐ.

„Maður veit það ekki ennþá hverju þetta hefur breytt,“ segir Elvar Gunnarsson sem hlaut Hvatningarverðlaun Landsbankans á Edduverðlaunahátíðinni á dögunum. „Vélin er allavega mjög fín,“ segir Elvar og á þar við Sony HDV hátækniupptökuvélinu sem hann fékk í verðlaun.

Áttirðu von á þessu?

„Ég þældi ekkert voða mikið í þessu. Ég sendi inn aðra mynd sem mér fannst alveg sigurstrangleg en hún var of löng,“ segir Elvar.

Hann hefur í nógu að snúast þessa dagana. „Ég er næst að fara að gera myndbönd fyrir Hjálma og Mugison,“ en myndbandið hjá hin-

um síðarnefnda er við lag úr myndinni A Little Trip to Heaven.

Elvar segir að hann hafi lengi haft áhuga á kvikmyndagerð. Í vor lauk hann námi við Kvikmyndaskóla Íslands. „Þegar ég var yngri var ég alltaf með vél öðru hvoru. Þá var maður að taka stuttmyndir. Menn að deyja og eitthvað í þeim dúr,“ segir Elvar.

Er nokkur framtíð í þessum kvikmyndabransa?

„Maður reynir að tóra.“

Elvar hefur gert nokkrar stuttmyndir í gegnum tíðina og í sumar gerði hann 70 mínútna langa mynd sem hann íhugar að gera aftur og setja meiri peninga í hana í það

skiptið. Sú mynd heitir Gerviblóm og er handritið eftir hann og Anton Mána sem gerði einnig handritið að sigurmyndinni á Eddunni.

Um hvað er sú mynd?

„Bara ástina, og ekki ástina.“

Elvar er ekki einungis að fást við kvikmyndagerð. Hann er rappari og margfaldur Íslandsmeistari í rímnaflæði. Hann er einn af upphafsmönnum XXX Rottweilerhunda og var einnig í hljómsveitinni Afkvæmi guðanna á sínum tíma. Nú vinnur hann að plötu með frelsishermanninum Þóri. Þar mun hann ekki rappa og syngja. „Það verkefni er komið ágætlega á veg en það er ekkert ákveðið með útgáfu.“ -SHS



ÍSLENSK SÍGUNATÓNLIST ERLENDIS STÓRSVEIT NIX NOLTE ER AÐ GERA GÓÐA HLUTI ERLENDIS

Það risu kannski margar augnbrýr þegar fólk frétti af íslenski hljómsveit sem spilaði einungis tónlist af Balkanskaga eða sígunatónlist eins og hún er kölluð í daglega talinu. En Stórsveit Nix Nolte kom, sá og sigraði með skemmtilegri sviðsframkomu og kröftugri tónlist. Bandið var að gefa út sinn fyrsta geisladisk nú á dögunum og fylgdi honum eftir með tónleikaferðalagi um Svíþjóð, Danmörku, Holland og Þýskaland. Ferðalagið erlendis var stíft hjá sveitinni en gekk mjög vel. Hljómsveitin endaði túrinn hérna heima með útgáfutónleikum í Iðnó þann 19. nóvember síðastliðinn. Stemmningin var víst gífurleg og fór fólk með bros á vör út af tónleikum. Diskurinn heitir Orkídeur Havaí og er kominn í búðirnar.

Sirkus spáir því að margir góðir eiga eftir að fá diskinn innpakkaðan í eitthvað fallegt núna um jólin.



SUMARIÐ MITT SEM FRELSISHERMAÐUR

Nýjasta undrið í tónlistarbransanum er Þórir Georg Jónsson. Hann er einungis 20 ára og hefur þegar gefið út 2 plötur. Það þætti flestum nóg en hann er líka í hljómsveitunum Hryðjuverk og Fighting Shit.

Nýjasta platan hans heitir því einstaklega fallega nafni „Anarchists Are Hopeless Romantics“ og hafa spekulantar sagt að hérna sé komin á markaðinn ein af bestu plötum ársins. Ef að það er ekki hressandi vitum við ekki hvað. Þann 15. nóvember hélt Þórir útgáfutónleika sem heppnuðust alveg einstaklega vel.

„Tónleikarnir gengu mjög vel og það var góð stemmning,“

sagði tónlistarmaðurinn í samtali við Sirkus.

Diskurinn er gefinn út af 12 tónum og er Þórir búinn að gera plötusamning við þá.

„Ég er búinn að gera samning upp á að gefa út fimm plötur með 12 tónum. Ég mun gefa út hjá þeim bara eins lengi og þeir vilja hafa mig,“ sagði Þórir. „Ég er þegar byrjaður á nýrri plötu.“

Þórir kallar sjálfan sig „My Summer As A Salvation Soldier“ á plötunni sem er skyldueign í græjurnar.

Hann er bara rétt að byrja og það verður gaman að heyra meira efni frá honum í framtíðinni.



ÞÓRIR EINHVER DUGLEGASTI TÓNLIST-ARMAÐUR LANDSINS ÞÓRIR ER EINN AF DUGLEGUSTU TÓNLIST-ARMÖNNUM LANDSINS

GERIMAX

n j ó t t u þ e s s a ð v e r a t i l

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

GERIMAX

Frábær samsetning af vítamínum, steinefnum og Ginseng.

Gerimax – styrkur, aukið þol og betri einbeiting til að takast á við verkefni dagsins

Útsölustaðir: **Apótekin, Hagkaup, Nóatún, Samkaup, Nettó og Úrval.**



VIÐ ELSKUM TYPPI

EINLEIKURINN TYPPATAL VAR FRUMSÝNDUR Í GÆRKVÖLDI Á NASA VIÐ AUSTURVÖLL. ÞAÐ ER AUÐUNN BLÖNDAL SEM LEIKUR VERKIÐ, VITANLEGA EINN OG ÓSTUDDUR ENDA UM EINLEIK AÐ RÆÐA. HANN HEFUR ÞÓ EKKI VERIÐ EINN Í UNDIRBÚNINGI SÝNINGARINNAR ÞVÍ SIGURÐUR SIGURJÓNSSON HEFUR SÉÐ UM AÐ SKÓLA HANN TIL. BLAÐAMAÐUR SIRKUS RÆDDI VIÐ ÞÁ FÉLAGA Í VIKUNNI.

Typpi. Já þetta er um typpi og allt sem er í kringum það,“ er svar Sigurðar Sigurjónssonar við fyrstu spurningu blaðamanns sem hefur gert sér ferð niður á Nasa til að ræða við hann og Auðunn Blöndal um verkið Typpatal, frumraun Auða á leiksviði ef undanskilin er revía sem hann lék í á Sauðárkróki á sínum yngri árum. Soggi leikstýrir stráknum. „Þetta er samt ekki beint um typpi, þetta eru ekki æðarnar og eitthvað svona,“ áréttar Auðunn Blöndal og tekur Soggi undir það. „Nei, það er ekki þetta líffræðilega en það er þó farið lítillga í það. Þetta er svona almennur fróðleikur um typpi og öll þau ævintýri sem það lendir í. Allskonar skemmtisögur í kringum það, og dramatískar sögur líka. Það er harður heimur að vera typpi.“

ÓÐUR TIL TILLANS

Þeir Soggi og Auði segja að leikritið fjalli að miklu leyti um hvað það er erfitt að vera typpi í dag og standa sig. „Svo er þetta um leið óður til tillans,“ segir Soggi. Þeir félagar vilja meina að mynd redursins hafi beðið alvarlegan álitshnekk nú í seinni tíð. „Í gamla daga þóttu typpi eitthvað mesta stolt í heiminum, eins og á tímum Rómverja,“ segir Auði og því er Soggi sannarlega sammála. „Já því var flaggað bara við hvert tækifæri. Þetta var almennt borðskraut. Þessi sýning er svona almennt að berjast fyrir því að breyta þessu viðhorfi og færa það í fyrra horf.“ Auðunn horfir ferskur fram á veginn hvað varðar breytta mynd besefans og sér fyrir sér breytta veröld. „Við viljum fá saltstauka sem eru eins og typpi inn á matsölustaði,“ segir Auðunn ákveðinn og Soggi tekur undir: „Typpi á hvers manns borð. Typpi hefur orðið fyrir einelti í seinni tíð. Það er bara hlegið að typpinu. Við hlæjum reyndar líka að typpinu í sýningunni, það er svo gott líka, það er mannþætandi.“ Þeir félagar eru sammála um að þarna sé nauðsynlegur fróðleikur á ferð.

ROMM Í KÓKINU?

Það virðist sem blaðamaður hafi náð að æsa Sigga Sigurjóns upp með spurningum sínum um mynd delans. „Það hafa verið skrifaðir heilu bókaflökkarnir um ástina, hjartað og svo um einhverjar stærðfræðiprautir heilans. Hvað, er þetta ekki mikilvægasta líffærið[typpið]? Ég hefði nú haldið það. Þetta er alltaf inni í einhverjum lokuðum bókum, bannað innan átján. Maður þarf að stelast í fróðleik um typpið á netinu,“ segir

Soggi og er heitt í hamsi. Auðunn virðist farinn að hafa áhyggjur af nestornum. „Ég er farinn að halda að það sé romm í kókinu hjá þér,“ segir Auðunn og hlær. Soggi róast.

Þeir félagar eru sammála um að verkið sé bæði fyrir konur og karla. „Já það kom mér á óvart. Við vorum með generalprufu hérna um daginn. Það var fullur salur og svona. Ég hélt nefnilega að þetta væri meira fyrir karlmenn en svo hlógu konurnar svo mikið, og jafnvel meira,“ segir Auðunn. „Já þetta er sannarlega fyrir bæði kynin, og fólk á öllum aldri í raun og veru,“ segir Soggi.

EKKI MIKLIR TYPPAKALLAR

Verkið er byggt upp á sönnum staðreyndum um typpi. Auðunn segir það vera ýmislegt sem menn hafa prófað í gegnum tíðina. Hann segir að þetta leikrit muni opna umræðuna. „Menn hafa verið að setja typpið á sér í sjampóbrúsa. En ég myndi aldrei segja að fyrra bragði við kærustuna mína upp í sófa: „Hey elskan, ég hef sett typpið á mér í sjampóbrúsa.“ Það myndi aldrei vera nein ástæða til þess,“ segir Auðunn og Soggi tekur í sama streng: „Það er ágætt að koma þessu frá sér í gegnum sýninguna. Þetta er að gerast, það er verið að stinga typpinu inn á ólíklegustu staði. Þetta vita allir en það þorir enginn að tala upphátt um þetta.“

Ég heyri að það er mikið grínast með typpi í þessari sýningu. En hvað með ykkur, eruð þið gæjarnir sem eru alltaf með typpabrandara við hvert tækifæri?

„Ég hef aldrei verið það neitt sérstaklega,“ segir Soggi en Auðunn er fljótur að stinga upp í hann. „Samt hefur þú nú verið kærður,“ segir hann. „Já, ég hef leikið titling og labbað inn í piku. Var kærður fyrir það. Við göngum ekki svo langt í þessari sýningu. Ég lærði mína lexíu. Það munaði minnstu að ég færi í steininn fyrir það þannig að ég vil ekki fara inn á Kvíabryggju útaf einhverju typpatali.“ Auði segist ekki heldur vera mikill typpakall. „Reyndar erum við alltaf naktir í þáttunum.“

TYPPIN Á REDURSAFN

Hið íslenska redursafn hefur verið á margra vörum. Sérstaklega eftir að hinn aldni og lífsreyndi Páll Arason ákvað að ánafna safninu reður sinn. Kemur eitthvað slíkt til greina hjá þeim Auða og Sigga?

„Við höfum ekki rætt þetta okkar á milli við Auði. En við þurfum auðvitað að ræða þetta fyrr eða síðar,“ segir

Soggi. „Ég ætla ekki að vera leiðinlegur, Soggi, en ef sá sem fer á undan á að gefa hinum typpið þá eru meiri líkur á að ég fái að eiga þitt,“ segir Auðunn með sínum alkunna stríðnistón. Soggi lætur þó ekki slá sig út af laginu. „Vissulega. Það er bara að þú hafir pláss fyrir það.“

„Ég þarf þá að taka til í gestaherberginu hjá mér,“ segir Auði.

GRÍNKYNSLÓÐIRNAR MÆTAST

Þeir félagar eru sammála um að samstarfið hafi gengið alveg hreint þrýðilega. „Fyrir mína parta alveg skínandi. Bara búið að vera mjög skemmtilegt,“ segir Soggi.

Kann Auði eitthvað að leika?

„Alltaf betur og betur.“

Þó að þeir Soggi og Auði komi báðir úr gamangeiranum koma þeir engu að síður úr sitthvorri áttinni að einhverju leyti.

Hafið þið fylgst með hvor öðrum í gegnum tíðina?

„Já svona með öðru auganu og það sem ég hef séð er bara fínt,“ segir Soggi.

Og Auði?

„Já ég segi eins og Soggi. Ég hef fylgst með því sem hann er að gera og hef virkilega gaman af sumu en ekki öðru.“

Þeir segja að þegar allt kemur til alls sé ekkert kynslóðabil milli þeirra, þeir hafi að minnsta kosti ekki rekið sig á það. „Hláturinn er alltaf eins,“ segir Auðunn Blöndal.

MEÐ LEIKARADRAUM Í MAGANUM

Auðunn segir að hann hafi alltaf litið upp til Sigga Sigurjóns. Aðspurður hvort sambandið milli þeirra í æfingaferlinu hafi verið í líkingu við feðgasamband segir Auðunn: „Hann hefur allavega reynt mér vel sem lærifaðir. Ég hef litið upp til Sigga frá því ég var sjö-átta ára polli.“

„Samt er ég ekki nema 1.73,“ grípur Soggi fram í.

„Ég held að ég hefði ekki getað fengið betri mann í þetta. Eins og ég hef sagt áður, að þó svo að ekkert verði úr þessari sýningu þá fékk ég allavega að kynnast honum.“ segir Auðunn.

Auðunn segir að hann geti vel hugsað sér að vera leikari. Hann hefur fengið smjörþefinn af leiklistinni með því að leika í Svínasúpunni og einni revíu á Sauðárkróki þegar hann var yngri.

„Það er sko óhætt að segja að hann ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur,“ segir Soggi. „Að byrja á einleik, sem er kannski erfiðasta formið.

Þetta er náttúrulega bara vitleysa að vera að leggja í þetta. Að vera að rífa úr sér hjartað hérna sviðinu, það eru alvöru listamenn sem þora.“ Auðunn sér heldur ekki eftir að hafa hellt sér út í þetta. „Þetta er alveg meiriháttar, og í rauninni miklu skemmtilegra en ég hélt.“ Þeir segja að merkilegustu verðlaunin fyrir erfiði undanfarinna mánaða séu viðbrögð áhorfenda. Það jafnist ekkert á við að fá góðan hlátur. „Stressið fer líka um leið og fólkíð fer að hlæja. Þá fer öll feimni og maður hlakkar til að leyfa því að heyra restina.“

STEVEN SEAGAL VS. SIGGI SIGURJÓN

Auðunn hefur aldrei farið leynt með aðdáun sína á hasarmyndahetjunninu Steven Seagal.

Heldurðu að þú verðir með svipadán stíl og hann?

„Nei það held ég ekki,“ segir Auði og hlær. „Ég hef ekki alveg kynnt mér bardagastílinn og stefni ekkert að því að verða hinn íslenski Seagal. Hann er náttúrulega einstaklega einbeittur hann Seagal,“ segir Auðunn. Soggi hættir sér út á hálan ís með spurningunni: „Hann á bara einn svip er það ekki?“, segir hann grandalaus. „Á að fara að ráðast á goðið,“ spyr Auði. Hann reynir að útskýra hvernig ástir tókust með honum og Seagal. „Þetta byrjaði allt þegar við fórum nokkrir strákar í bíó á Sauðárkróki. Það hafa ekki margar myndir verið sýndar þar í bíó, ég held að White Men Can't Jump hafi verið frumsýnd þar á sunnudaginn. En við fórum þarna á myndina Under Siege sem halaði náttúrulega inn einhverjum 130 milljónum í Bandaríkjunum. Ég vil nú ekki segja að þetta sé bara grín hjá okkur en við höfum haldið hópinn þessir Seagal vinir. Auðvitað er ég ekki það klikkaður að ég haldi að hann sé besti leikari í heimi,“ segir Auðunn.

Þú lítur upp til Sigga Sigurjóns hér á Íslandi. Seagal í Bandaríkjunum. Þetta eru ólíkir leikarar.

„Já gríðarlega en báðir ótrúlega snöggir í snúningum. Snöggir að hugsa. Ég get ekki sagt til um hvor er betri. Það er eins og hvort viltu drepa mömmu þína eða pabba.“

Þá er mál að slá botninn í spjallið. Þegar strákarnir eru beðnir um lokaorð stendur ekki á svari. „Hvetjum alla sem unna typpinu að mæta, og þá sem hata það. Mottó sýningarinnar er „Við elskum typpi“,“ segir Soggi og Auðunn bætir við: „Þetta hljómar fáránlega núna en eftir sýninguna þá meikar þetta alveg sens.“

Sólmundur Hólm Sólmundarson

„MENN HAFNA VERIÐ AÐ SETJA
TYPPIÐ Á SÉR Í SJAMPÓBRÚSA.
EN ÉG MYNDI ALDREI SEGJA AÐ FYRRA
BRAGÐI VIÐ KÆRUSTUNA MÍNA UPP
Í SÓFA: „HEY ELSKAN, ÉG HEF SETT
TYPPIÐ Á MÉR Í SJAMPÓBRÚSA.“



Í þessu viðtali koma
fyrir eftirfarandi orð:

**TYPPI
PÍKA
STEVEN SEAGAL
TILLI**

EDDA ÍVARSDÓTTIR ER AÐ ÚTSKRIFAST AF FATAHÖNNUNARBRAUT Í LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS. HÚN HEFUR VERIÐ AÐ SELJA HÖNNUN SÍNA Í TRÍLOGÍU AÐ UNÐANFÖRNU. ÞESS Á MILLI ÞEYTI HÚN SKÍFUM ÚT UM ALLAN BÆ ÁSAMT VINKONU SINNI ÖDDU. SÍRKUS FÉKK AÐ SKOÐA HENNA UPPÁHALDSFLÍKUR.

LANGAR AÐ FLYTJA UPP Í SVEIT

HVERT STEFNIR ÞÚ EFTIR NÁMIÐ?

Mig langar helst að flytja út í sveit til að slappa af eftir alla skólavinnuna.

ER NÆGUR MARKAÐUR FYRIR HÖNNUN Á ÍSLANDI?

Já, mér finnst það og hann fer stækkandi, fleiri eru að verða meðvitaðri um gildi hönnunar sem er mjög gott mál.

HVAÐ ER AÐ GERAST Í ÍSLENSKRI HÖNNUN Í DAG?

Ungir hönnuðir eru orðnir duglegri að koma sér á framfæri, nú fyrst eru krakkarnir að koma fram í dagsljósið. Þeir eru að opna búðir og gera skemmtilega hluti. Íslensk hönnun er að styrkjast, fólk úti og heima er að átta sig á því.

HVER MYNDIRÐU SEGJA AÐ VÆRI ÞINN UPPÁHALDS-HÖNNUÐUR?

Mjög margir, Balenciaga er í uppáhaldi, Vivienne Westwood líka, þá sérstaklega í skóhönnun. Helle Mardahl er líka flott, hún gerir einmitt hettupeysur sem eru seldar í Kron. Svo er það Spijkersnspijker ásamt fleirum.

HVERNIG TÝPU TELUR ÞÚ ÞIG VERA, OG UPPÁHALDS-FLÍKUR?

Ég hugsa lítið um hverju ég er í dags daglega. Uppáhaldsflíkur mínar eru Helle Mardahlkjóllinn minn, toppur frá Spijk, svartar gallabuxur úr Trilogíu og nýju gönguskórnir mínir frá Scarpa.

HVAÐ ER ÞAÐ FLOTTASTA SEM ER Í GANGI Í DAG?

Hárspangirnar hennar Thelmu sem eru seldar í Kron eru það heitasta í dag, hún er að gera góða hluti.

FLOTTAR BÚÐIR?

Trilogía, KronKron, Kron, Lakkrisbúðin og svo er alltaf hægt að finna eitthvað flott og ódýrt í Top Shop.

ÞÚ ERT EKKI BARA FATAHÖNNUÐUR HELDUR ERTU LÍKA DUGLEG AÐ ÞEYTA SKÍFUM. HVERNIG GENGUR DJ-FERILLINN?

Hann gengur ógeðslega vel, við spilum reglulega í partíum og á skemmtistöðum bæjarins. Við spilum líka á Eddunni, svakastuð og alltaf meira og meira að gera.

-KRV

BERNHARD WILHELM-PEYSA



ÞENNA BOL VAR ÉG AÐ KAUPA MÉR Í OASIS



HAUSKÚPUPALÍTTU-TASKA FRÁ SPÚTNIK



PALLÍETTUTOPPUR SEM ÉG KEYPTI MÉR Á SÍRKÚS-FLÓAMARKAÐNUM



FLOTT PEYSA FRÁ HELLE MARD AHL, ÞETTA MERKI FÆST Í KRONKRON




Hressir, bætir, kætir



...sex ferskar ástæður fyrir Opal – sykurlausum

THE CUT
MÁNUDAGA KL. 22.00

JÓNSSON & LEWIS - P/LH



ÞAÐ ER HÆGARA SAGT EN GERT AÐ KOMAST INN Í HARÐAN
HEIM TÍSKUNNAR OG SIGURVEGARINN FÆR AÐ LAUNUM
AÐ HANNA NÝJA LÍNU HJÁ TOMMY HILFIGER

FYLGSTU MEÐ!



BRYNJAR MÁR VS ROBBI CHRONIC

SNÚÐARNIR KLJÁST



ÖNNUR VIÐUREIGNIN Í SNÚÐA-SLAG SIRKUSS FER HÉR FRAM. Í SÍÐUSTU VIKU VANN D.J. ELLEN D.J. RÓSU OG KEMUR ELLEN TIL MEÐ AÐ MÆTA TIL KEPPNI AFTUR SEINNA MEIR. NÚNA MUNU ÞEIR BRYNJAR MÁR DAGSKRÁRGERÐAMAÐUR Á FM 957 OG ROBBI CHRONIC, HIPHOP-KÓNGUR ÍSLANDS, ETJA KAPPI.



1. HVADA HLJÓMSVEIT GERÐI GARDINN FRÆGAN MEÐ LAGINU TAINTED LOVE?

Brynjar Már: Soft Cell.
Robbi: Depeche Mode.



2. HVERSU MARGIR ERU Í HLJÓMSVEITINNI UB40?

Brynjar Már: Fimm.
Robbi: Sex.



3. HVAD HEITIR BRÓÐIR RAPPARANS SESARS A?

Brynjar Már: Ég hef ekki hugmynd.
Robbi: Erpur.

4. HVAD HEITIR LANGFYRSTA SÓLÓPLATAN HENNAR BJARKAR?

Brynjar Már: Þetta er spes spurning. Ég veit ekki svarið við þessu.
Robbi: Debut.

5. HVER ER KÆRASTINN HENNAR BEYONCÉ?

Brynjar Már: Jay Z.
Robbi: Jay Z.

6. HVADA HLJÓMSVEIT GAF ÚT Á DÖGUNUM PLÖTUNA DEMON DAYS?

Brynjar Már: Gorillaz.
Robbi: Gorillaz.

7. ÚR HVADA LAGI ER ÞESSI TEXTI „ÞEGAR ÞÚ Í DRAUMI MÍNUM BIRTIST ALLT ER LJÚFT OG GOTT“?

Brynjar Már: Jesús Kristur. Þetta er Nína.
Robbi: Nína.

8. HVADA HLJÓMSVEIT SENDI FRÁ SÉR LAGIÐ „BOOGIE BOOGIE“?

Brynjar Már: Ekki viss.
Robbi: Sveittir gangaverðir.

9. HVER SÖNG LAGIÐ „MY BABY JUST CARES FOR ME“?

Brynjar Már: Veit ekki svarið við þessari.
Robbi: Pass.

10. HVERNIG DÓ JANIS JOPLIN?

Brynjar Már: Dó hún ekki bara úr veikindum?
Robbi: Ofneyslu.

11. HVADA ÁR VAR WOODSTOCK HALDIÐ?

Brynjar Már: 1969.
Robbi: 1968.

12. HVER VAR SÖNGVARINN Í HLJÓMSVEITINNI THE STOOGES?

Brynjar Már: Veit ekki svarið við þessu. Því miður.
Robbi: Hef ekki hugmynd.

13. MEÐ HVADA HLJÓMSVEIT SYNGUR SÖNGKONAN ÞÓRUNN ANTONÍA?

Brynjar Már: Er hún í hljómsveit? Ok... ég veit þetta ekki.
Robbi: Pass.

14. HANN ER FRÆGUR RAPPARI OG ER AÐ KOMA Í BÍÓ MEÐ MYND SEM KALLAST „GET RICH OR DIE TRYIN“. HVAD HEITIR HANN?

Brynjar Már: 50 Cent.
Robbi: 50 Cent.

15. HVADA SÖNGKONA KOM TIL ÍSLANDS OG HÉLT VELHEPPNAÐA TÓNLEIKA Í KLINK OG BANK SUMARIÐ 2004?

Brynjar Már: Hhhmmm...veit ekki.
Robbi: Peaches.



ENN OG AFTUR VAR MJÓTT Á MUNUM. ROBBI VINNUR HINSVEGAR AÐRA SNÚÐALOTU SIRKUSS MEÐ ÁTTA STIGUM Á MÓTI 6 STIGUM BRYNJARS. KEPPNIN ER NÝHAFIN OG NÚNA FER ÞETTA AÐ VERÐA BLÓÐUGT...

SVÖR:

- 1. Soft Cell 2. 3. Erpur Eyvindarson 4. Arabadrengrurn 5. Jay-Z 6. Gorillaz 7. Nína 8. Sveittir Gangaverðir 9. Nína Simone 10. Úr öfneytslu eiturhýlja 11. 1969 12. Iggy Pop 13. Junior Senior 14. 50 Cent 15. Peaches

TRABANT TIL HÖFUÐSTAÐS NORÐURLANDS

Hljómsveitin Trabant leggur land undir fót á um helgina og spilar á Oddvitanum á Akureyri ásamt fríðu föruneysi á laugardalskvöld. Óhætt er að lofa Norðanmönnum skotheldri skemmtun því drengirnir eru miklir gleðigjafar. Á skömmum tíma hefur liðsmönnum Trabants tekist að geta sér orðs sem eitt besta tónleikabandið á klakanum. Ef Sirkus Rvk þekkir drengina rétt eiga þeir eftir að rífa sig úr að ofan og halda fjörinu gangandi fram á kolsvarta vetrarnóttina.

Akureyringar eru beðnir um að láta ekki útlit drengjanna blekkja sig. Þessir drengir eru við allra hæfi en ekki aðeins fyrir listamafíuna eins og undirritaður hélt lengi fram. Lagið „Nasty Boy“ hefur til að mynda fallið sérstaklega í kramið hjá stuðboltum og langt



fram á haust var þetta uppáhaldslag stuðbolta hér í Reykjavík.

Trabant verða ekki einir um að halda uppi fjörinu á Akureyri því hinir geðþekku piltar í Hairdoctor verða einnig á staðnum og ætla að leyfa Eyfirðingum að hljóða á það sem þeir hafa fram að færa.



HRESSIR! STRÁKARNIR Í TRABANT ERU HRESSIR AÐ EÐLISFARI.

SIGUR RÓS – TAKK

Það hafa margir beðið í ofvæni eftir þessari. Þeirri bið er núna lokið og vel þess virði. Sigur Rós er komin með plötuna Takk og eru strákarnir nýkomnir heim af tónleikaferðalagi.



HEITUSTU G TITLARNIR



DR. SPOCK – DR. PHIL

Ef að maður þyrfti að lýsa Dr. Spock í þremur orðum þá væri það hrátt, íslenskt rokk. Dr. Spock gaf út plötuna Dr. Phil núna nýlega og er að gera góða hluti. Eru búnir að skapa góðan áheyrenda-hóp og eru mjög kröftugir á sviði... vægast sagt.



DIKTA – HUNTING FOR HAPPINESS

Tónlistargagnrýndur hafa lofað hana í gríð og erg og var hún hljóðrituð af gítarleikaranum í Skunk Anansie. Við erum að tala um aðra breiðskífu Indie rokkbandsins Dikta sem kallast „Hunting For Happiness“. Meðlimirnir í bandinu eru búnir að þekkjast frá blautu barnsbeini og hefur samstarf þeirra greinilega skilað sér vel. Platan er einstaklega metnaðarfull og þétt. Hún kom út 16. nóvember og er það Smeckleysa sem gefur hana út.



BENNI HEMM HEMM – BENNI HEMM HEMM

Það tók Benedikt Hermann Hermannsson langan tíma að gera þessa plötu. Það má þó með sanni segja að hann hafi nýtt tímann vel því platan hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda. Hljómsveit Benni Hemm Hemm er skipuð 13 hljóðfæraleikurum, hverjum öðrum færari. Plata Benni er eitthvað sem flestir ættu að verða sér út um. Benni og kona hans stofnuðu fyrirtækið Smákökurnar sem gefur plötuna út en það eru 12 tónar sem dreifa henni.

RASRÓTAR-

SVEITABALLAHLJÓMSVEITIR SELJA ALLTAF MIKIÐ AF SINNI TÓNLIST ENDA OFT SAGT AÐ ÞAÐ SÉ SVOKALLAÐ COMMERCIAL POPP. SITT SÝNIST HVERJUM. ÞAÐ ERU ÞÓ FLEIRI SEM ERU AÐ FÁST VIÐ TÓNLIST OG SELJA MEIRA AÐ SEGJA TALSVERT AF HENNI Í ÞOKKABÓT.



AMPOP – MY DELUSIONS

Ampop sendi á dögunum frá sér geisladiskinn My Delusions og hefur hann hlotið góðar viðtökur. Hljómsveitin var ofboðslega lengi með þennan disk. Eiginlega þrjú ár. Allt of lengi. Þeir tóku diskinn upp sjálfir og smíðuðu sitt eigið stúdíó. Útkoman var þó frábær og fær diskurinn hvarvetna frábæra dóma.



RASS – ANDSTAÐA

Hún heitir því skemmtilega og einfalda nafni Rass og þessi hljómsveit er komin til að vera. Rass er búinn að vekja athygli á háþólitískum textunum sínum og núna er bara málið að leggjast við hlustir og hlusta á „Burt með kvótann“ og „Kárahjúka“. Rass er harðkjarnarokk í anda Ham og er trommuleikarinn í Ham akkúrat í þessu bandi.



JEFF WHO? – DEATH BEFORE DISCO

Bandið Jeff Who var stofnað fyrir tveimur árum síðan og á þessum árum eru strákarnir búnir að vera í stúdíóinu að taka upp. Afraksturinn er platan „Death Before Disco“ og spila þeir sanna partitónlist til að hrista upp í hópnun. Jeff Who? hituðu upp fyrir Franz Ferdinand þegar þeir spiluðu hér þann 2. september síðastliðinn og gerðu allt vitlaust þar. Fylgist með þessum.



DÁNÍEL ÁGÚST – SWALLOWED A STAR

Það þarf varla að kynna landanum hann Dániel Ágúst. Sólóplatan hans Swallowed A Star er komin í hillurnar sem er búin að vera 5 ár í bígerð. Heyrst hefur að biðin sé vel þess virði. Í febrúar 2006 mun plötufyrirtækið One Little Indian gefa svo út plötu með honum í Englandi og þess má geta að Björk gaf út plötuna Debut hjá sama fyrirtæki.



HAIRDOCTOR – SHAMPOO

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Hairdoctor er komin í búðirnar. Shampoo er nafnið á gripnum og er lýst sem LoFi-poppi með elektrónískum bitum. Bandmeðlimirnir eru tveir, þeir Jón Atli og Árni og er það Smekkleysa sem að gefur plötuna út. Gestasöngvarar eru ??? og Urður söngkona í gus gus. Platan er búin að fá glimrandi góða dóma. Meira að segja hefur rödd Jóns Atla verið líkt við Ian Brown og segir Einar Örn í Smekkleysu að Hairdoctor séu framtíð fyrirtækisins. Ekki slæmt.

VERSTA LAG SEM ÉG HEF HEYRT

Á SÍÐASTA ÁRI VAR LAGIÐ WE BUILT THIS CITY MEÐ HLJÓMSVEITINNI STARSHIP VALIÐ VERSTA LAG ALLRA TÍMA. SIRKUS REYKJAVÍK HRINGDI Í HRESST FÓLK Á ALDRINUM 18-30 TIL AÐ SEGJA SÍNA SKOÐUN Á VERSTA ÍSLENSKA LAGINU, EÐA ÞVÍ LAGI SEM FER MEST Í TAUGARNAR Á ÞVÍ.



„Lagið Burt með kvótann með hljómsveitinni Rass kemur strax upp í hugann. Andstaða mín gagnvart laginu hefur ekki með textann að gera. Þetta er einfaldlega alveg gjörsamlega óþolandi lag.“

Þórunn Elísabet Bogadóttir,
forseti nemendafélags Versló.



„Það er til alveg ógrynni af lélegum íslenskum lögum. En það sem kemur efst upp í hugann eru öll jólalöggin með Helgu Möller. Ég held að það þurfi ekki að útskýra það neitt frekar.“

Sigurður Grétar Ólafsson,
framkvæmdastjóri Stúdentaráðs KHÍ.



„Það er án efa Birta eða Angel sem fór fyrir Íslands hönd í Eurovision hér um árið. Af einhverjum ástæðum hefur það lag alltaf farið í taugarnar á mér.“

Aðalbjörg Arna G. Smáradóttir,
ungfrú Norðurland.



„Ég vil ekki vera svona með Írafár. Það er alveg ótrúlega vont lag.“

Óli Geir Jónsson, þáttstjóri Splash.




„Auðvitað lagið Líf með Hildi Völu. Ég þoli hana ekki. Í þessu lagi eru svo viðbjóðslega háir og skrækir tónar að maður fær hausverk og æluna upp í kok.“

Vilhjálmur Ámi Sveinsson (Villi WRX),
sölumaður hjá BÍlabúð Benna.



„Versta lag sem ég man eftir í fljótu bragði er Manstu ekki eftir mér? með Stuðmönnum. Ég þoli þetta lag ekki. Ég fæ tannþínu við að hlusta á þetta lag.“

Brynja Björk, nemi.



„Það er án efa lagið Ég vil fá mér kærustu með hljómsveitinni Hjálmum. Það eru allir að hampa þessari sveit svo mikið þessa dagana og það getur vel verið að þeir séu góðir. En ég get hinsvegar ekki sætt mig við að hlusta á þetta lag nánast daglega. En svo er FRAMlagið ofarlega í huga. (Frammar, Frammar, Frammar, endurtekið 200 sinnum).“

Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirlíði
bikarmeistara Vals í knattspyrnu.



„Íslensk tónlist hefur eiginlega aldrei átt upp á pallborðið hjá mér. En það er eitt ákveðið lag sem kemur strax í huga minn. Það er lagið Við lífum aðeins einu sinni sem samið var sérstaklega fyrir lokaátökin í Idol-keppninni í fyrra. Það var sérstaklega slæmt í flutningi Kalla Bjarna.“

Bjarney Anna Bjarnadóttir,
lögfræðinemi.

„Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu; sem blöndu af Monthy Python og Buster Keaton, eða jafnvel sem „Steini og Olli í lit“... það eina sem ég veit er að þú munt eiga í erfiðleikum með að velta ekki úr sætinu af hlátri og harðsperrurnar í maganum daginn eftir verða mjög, mjög slæmar.“

- The Seattle Stranger, USA

„Algjörlega taumlaus, áköf og fallega klikkuð sýning. Betri skemmtun geturðu ekki fengið í öllum fötunum.“

- Rolling Stone

The Shneedles

Austurbæjarbíói, föstudaginn 27. janúar

„Takk fyrir að vera alltaf fyndnir. Ég held þið séuð frægir.“

- Frank Rigot, 7 ára

Miðasala hefst 1. desember kl. 10:00.

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.



HVAÐ: The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **MIDASALA:** Í verslunum Skifunnar, BT á Akureyri og Selfossi og á www.event.is **MIDAVEÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skifunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að versla tvo miða með afslætti.

ATH: Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.

MIDASALA:
midi.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.event.is

ÍRAFÁR ÓRAFMAGNADRI EN ÁÐUR

ÍRAFÁR SNÝR AFTUR AFTUR Á MARKAÐINN

Platan Írafár með samnefndri hljómsveit er þeirra þriðja frá árinu 2002. Eftir árs frí frá jólaútgáfu kemur sveitin sterk til leiks á nú.

Þeir Vignir Snær Vigfússon gítarleikari og Sigurður Samúelsson bassaleikari eru einu stofnendur hljómsveitarinnar sem eftir eru. Auk þeirra prýða hljómsveitina þau Birgitta Haukdal söngkona, Andri Guðmundsson á hljómborð og píanó og Arnar Þór Gíslason lemur trommurnar.

Vignir Snær er hæstánægður með afraksturinn: „Að sjálfsögðu er ég mjög ánægður, annað væri óeðlilegt,“ sagði Vignir á léttu nótonum. „Þessi plata er töluvert öðruvísi en sú síðasta. Á þessari er meira af lifandi element, það er að segja ekki jafn mikið af prógrömmuðu efni. Sem þýðir á mannamáli að það er ekki jafn mikið af raftrommum og hljómborðum. Heldur meira af alvörutrommum, píanó og kassagítar.“

Eins og ég segi þá er ég ánægður með afraksturinn en það er ekki marktækt. Ég vil frekar að fólk-ið fái að dæma plötuna. Það eru tvö ár liðin frá síðustu plötu og því eðlilegt að það verði einhverjar breytingar milli ára.“

Er Birgitta alltaf jafn vinsæl? Já, og ef eitthvað er þá aukast vinsældir hennar. Ég veit ekki hvernig hún fer að þessu og ef ég vissi það þá myndi ég reyna nýta mér það. En það er alltaf eitthvað sem góð frontmanneskja hefur sem skín út frá henni og fólk sækist í.

Nú hvað varðar framtíð Írafárs þá á hún alveg eftir að koma í ljós. Ég á ekki von á plötu á næsta ári. Mér finnst tvö ár á milli platna passlegt.“

FERSK INN Á POPPMARKAÐINN

FYRIR HVER JÓL KEMUR ÚT ÓGRYNNI AF POPPLÖTUM. SIRKUS RÆDDI VIÐ FJÓRA AÐILA SE, ERU HVAÐ FERSKASTIR Í ÁR.



**ÆTLA EKKI
AÐ VERA
EINHVER
BÓLA**
FRIDRIK ÓMAR HEITASTI
POPPNÝLIÐINN

Friðrik Ómar Hjörleifsson er 24 ára söngvari sem lætur mikið til sín taka í jólaþlötufloðinu. Ótrúlega ferskur. Hann og Guðrún Gunnars syngja saman á plötunni „Ég skemmti mér“, sem inniheldur tíu lög útsett af Ólafi Gauki. Auk þess syngur Friðrik Ómar á jólaþlötu Conserts og í endurgerðinni á laginu Hjálpmum þeim er Friðrik Ómar einnig að finna.

„Ég hef sungið í einhverju tíu ár núna af einhverju ráði. Ég fór ekki þessa klassísku IDOL-

leið. Ég taldi hana ekki ekki henta mér. Ég var þess í stað duglegur að koma fram á tónleikum og þannig lagað,“ sagði Friðrik Ómar sem er laus og liðugur þessa dagana.

„Ég sé framtíð mína ekki í neinu öðru en tónlist. Ég ætla mér að standa mig vel svo ég verði ekki bara einhver bóla.“ Friðrik Ómar þarf líklega ekki að óttast að hann verði einhver tiskubóla því tónlistarmenn og tónlistarárhugamenn keppast við að hlaða á hann lofi.



HLUTI AF MÉR
HEIÐA MEÐ SÍNA FYRSTU SÓLÓPLÖTU

Aðalheiður Ólafsdóttir sem er betur þekkt sem Heiða er nýbúin að gefa út sína fyrsta sólóplötu, *Hluti af mér*. Það er því óhætt að segja að Heiða sé að koma fersk inn á markaðinn. Heiða sem lenti í öðru sæti í Idol-keppninni fyrr á árinu segir það mikla vinnu að gera sólóplötu en það sé margfalt þess

virði. „Þegar maður gerir hlutina sóló hefur maður nánast allt að segja um útkomu laganna,“ segir Heiða. Lagið *Hvað sem er* er komið í spilun í útvarpi og þá er að finna á disknum tvö lög sem Heiða tók í Idol-keppninni; annars vegar, *Mundu mig* og hins vegar *Dimmar rósir*.



**ÓTRÚLEGA
STOLTUR**
JÓNSI EINN Á FERÐ

Jónsi, svöngvari í svörtum fötum, er búinn að gefa út sína fyrstu sólóplötu sem heitir einfaldlega Jónsi. Hann er hér í nýju hlutverki og ferskleikinn uppmálaður svo ekki meira sé sagt. Hann er stoltur af þessum frumburði sínum. „Ég er alveg ótrúlega stoltur. Ég leyfði mér að vonast eftir einhverjum árangri og mér finnst ég hafa náð að toppa hann,“ sagði Jónsi í samtali við Sirkus. Hljómsveitin í svörtum fötum er þó hvergi nærri hætt þótt Jónsi hafi ákveðið að gefa út sólóplötu. „Platan er engin sjálfstæðisfirlýsing frá hljómsveitinni, við erum enn að spila á böllum um hverja helgi og gengur vel.“ Það er því í nógu að snúast hjá Jónsa sem er.

EG GEISLADISKUR SEM ÉG HEF ÁTT

ÖLL HÖLDUM VIÐ UPP Á EITTHVAÐ. UPPÁHALDSFLÍK, BÍÓMYND OG SVO FRAMVEGIS. ÖLL EIGUM VIÐ EINHVERJAR LJÚFAR MINNINGAR AF UPPÁHALDSGEISLADISKNUM OKKAR. ANNARS VÆRI HANN AUÐVITAÐ EKKI UPPÁHALDS. SIRKUS SLÓ Á ÞRÁÐINN OG SPURÐI FÓLK HVAÐA GEISLADISKUR VÆRI Í UPPÁHALDI HJÁ ÞVÍ.



MINNIR Á GAMLA CREWID

The Devil Made Me Do It með Paris sem kom út í byrjun tíunda áratugsins. Allir sem voru að rappa á Íslandi á þeim tíma áttu þennan disk. Þessi diskur minnir mig líka á þegar ég var að rappa með gamla crewinu mínu í Kópavoginum á þeim tíma. Klassískur diskur. Erpur Eyvindarsson, tónlistarmaður og rímnaskáld.

BOWIE ÓSPART SPILAÐUR

Honky Dory með David Bowie. Þessi diskur minnir alltaf á þegar ég var að leigja með vinum mínum. Þá var þessi plata óspart spiluð.

Ásgrímur Már Friðriksson, fatahönnuður og stíllísi.



BLASTAR QUARASHI

Jinx með Quarashi. Það er mjög gott að hlusta á hann þegar ég er að þrifa. Einnig blasta ég hann í botn þegar ég er í vondu skapi.

Sólveig K. Bergmann, fréttakona á Stöð 2.



ENNÞÁ BESTUR

Það mun vera Dummy með Portishead. Ég man alltaf svo vel eftir þessu vegna þess að ég keypti hann þegar ég var 12 ára úti í Brussel. Þetta var fyrsti geisladiskurinn sem ég keypti mér og ég á hann ekki lengur í dag vegna þess að einhver er búinn að hnupla honum frá mér.

Carmen Jóhannsdóttir, eigandi fatabúðarinnar Ígulkers.



ALIN UPP VIÐ BOB DYLAN

Blonde On Blonde með Bob Dylan finnst mér æðisleg plata. Ástæðan er sú að ég var alin upp við þessa tónlist. Einnig er ég mjög skotin í nýju Broken Social Scene plötunni.

Sólveig Káradóttir, módel og stúdína í Bandaríkjunum.



R'N'B HIP HOP DJ.

Þegar ég er að DJ-ast þá spila ég mikið hip hop og r'n'b. Annars er ég mjög hrifin af soundtrackinum úr myndunum Amélié, When We Were Kings og Blue. Svo er ég líka mjög hrifin af nýja disknum frá Beatmakín' Troopa, Peaceful Thinking.


Anna Rakel Róbertsdóttir, sendiherra Íslenska Reyka vodka í USA.



HVÍTA ALBÚMIÐ LIFIR

Það er Hvíta albúmið með Bítunum. Fyrsta platan sem ég valdi mér sjálfur. Með plötunni fylgdu fjórar ljósmyndir af þeim og afi minn sálugi rammaði þessar myndir inn. Þær hanga uppá vegg heima hjá mér.

Gulli, búðareigandi Ósóma.



ALDREI LEIÐUR Á EAGLES

Það eru nokkrir sem koma til greina en ég myndi tvímælalaust segja Greatest Hits með Eagles. Þetta er diskur sem maður getur sett í tækið og látið rúlla endalaust. Lög eins og Tequila Sunrise og Hotel California. Ég fæ aldrei leið á þessum disk.

Heiðar Austmann, dagskrárgerðarmaður á FM957.



SAFNPLATA U2 SKYLDUEIGN

U2 – Best of 1980-1990. Þetta er eitthvað sem allir þurfa að eiga í safninu sínu. Annars hef ég voða lítinn tíma til að vera þæla í svona hlutum og safna ekki diskum. Er bara alæta á tónlist og hlusta á það sem er inn hverju sinni.

Ásdís Rán, framkvæmdastjóri Módel.is.






HAIZER OG REND-ER REYNAST VEL

Uppáhaldsdiskurinn minn í dag er Operations Management með Jay Heizer og Barry Render. Hann er hefur reynst mér mjög vel og ég er mjög ánægður með hann.

Hálfdan Steinþórsson, sjónvarpsmaður.

NÝJASTA NÝTT

NÝJASTA
NÝTT




VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi

ÖNNUR GÓÐ NÖFN

Rass

„Besta nafn í heimi og passar svo fánlega vel við konseptið. Áfram Rass!“

Utangarðsmenn

„Segir allt sem segja þarf um innihaldið en er auðvitað bara bein þýðin á The Rolling Stones! En urrandi svalt nafn!“

Dátar

„Hreint og einfalt nafn sem stafar frá sér sakleysi og birtu, um leið og maður heyrir gítarhljóminn í „Kling klang“ eða „Gvend á eyrinni“ kemst maður undir eins í eitthver annarlegt ástand.“



Sykurmolarir

„Gengur upp á íslensku og ensku án nokkurra vandræða. Gefur til kynna innihaldið – sætt og skrítið!“

Brimkló

„Hvað er eiginlega Brim-kló? Íslenskt og dularfullt nafn sem er einstakt og vond tónlist hljómsveitarmeðlima gerir ekkert til að kasta á það rýrð. Dæmi um þegar hljómsveitarnafnið ris ofar hljómsveitinni.“



Tappi tíkarass

„Þetta hljómsveitarnafn er náttúrulega bara snilld.“

Írafár

„Virkar eins og lélegur brandari fyrst en venst rosalega vel og er langsterkasta hljómsveitarnafn samtímans.“

Hermigervill

„Fullkomin hugsun í þessu nafni og það segir allt sem segja þarf. Góð tenging við tónlistarstefnuna og ákveðin glettni í þessu. Hann þorir að nota orðið herma sem er mjög auðmjúk og heillandi nálgun á samplanotkun. Mjög gott nafn.“

Quarashi

„Blessuð sé minning þeirra. Frábært nafn í takt við tónlistina. Störfuðu í nærri áratug en nafnið var alltaf jafn ferskt, harðsvírað og töff. Flestir vilja vera töff en fáir ná að vera eins töff og Quarashi.“



Ghostigital

„Mjög sérstakt og áhugavert nafn á hljómsveit. Gefur upp drungalega rafrænu sem er að sjálfsgöðu aðalsmerki Bibba Curver. Maður gleymir aldrei Ghostigital.“

Múm

„Sætt, stutt og laggott. Passar fullkomelega við tónlist sveitarinnar.“

Trabant

„Sjamossoone, gott nafn, það er gaman að segja Trabant!“

Skyttumar

„Mjög viðeigandi nafn á hiphop grúbba, skjóta föstum skotum hingað og þangað.“

Lokbrá

„Evíntýranafn og passar vel við þessa litlu snúlla sem allir virðast vera karakterar úr ævintýri.“

Bellatrix

„Ótrúlega töff nafn á kvennabandi þar sem bellatrix er bæði latneska orðið yfir amazonur og bellatrix er bjartasta stjarnan í bogmanninum og ein bjartasta stjarnan á næturhimninum.“

Svanfríður

„Grúví hljómsveit sem bar eitthvert fallegasta kvenmannsnafn sem um getur. Fyllir mann ávallt vellíðunarkennd þegar það ber á góma. Besta hljómsveit Péturs Kristjánssonar frá upphafi.“

ALLT UM ÍSLENSK HLJÓMS

BESTU HLJÓMSVEITARNÖFNIN

1 PURRKUR PILLNIKK

„Kraftmikil atkvæði fyrir kraftmikla hljómsveit. Ógleymanlegt nafn sem bar með sér mergjaðan karakter sveitarinnar og mun það vera samsett úr orðinu svefnpurka og ættarnafni einhvers gleymds skákmanns.“

„Vörumerki gullaldar íslenskrar rokkónlistar, stendur fyrir sköpunarkraft, gleði og flipp.“

„Töff nafn á töff hljómsveit.“

„Þó þetta sé bara eitthvað bull gleymir maður aldrei þessu nafni.“



PURRKUR PILLNIKK



2 STUÐMENN

„Æðislega hallærislegt, íslenskt og lýsandi fyrir hljómsveitina. Það hefur líka þessa dularfullu tvíræðni sem gefur til kynna áhuga á skrítnum sigarettum!“

„Frábært, einfalt, tvírætt og beinskeytt nafn sem upphaflega vísaði í ákveðið gæluyrði yfir hass en hefur með árunum öðlast godumkennnda merkingu yfir mestu stuðhljómsveit allra kynslóða á Íslandi.“

„Stuðmenn eru undir sömu sök seldir og The Rolling Stones. Nafn hennar er upphaflega rekið til tveggja orða í eldgömlu blúslagi með Muddy Waters, en langlífið hefur gert að verkum að líkingin er samkvæmt orðanna hljóðan, um steininn sem veltur endalást niður hljóðina.“

„Þeir fundu þetta þegar þeir reyndu að finna eins hallærislegt nafn og þeir gátu. Nú er það orðið sigilt.“



3 TRÚBROT

„Árni Johnsen ætti að fá sérstök heiðursverðlaun í þessum flokki fyrir að semja þetta, Brimkló og mörg önnur íslensk hljómsveitarnöfn. Þetta eru nýyrði; furduleg og skrítni. Árni á víst bók þar sem hann er búinn að semja og skrifa fullt af nýjum hljómsveitarnöfnum – það væri bók sem gaman væri að lesa – Krakka! Munið eftir Árna ef þið vitið ekki hvað hljómsveitin á að heita!“

„Flott, alíslenskt og uppreisnargjarnt. Gott nafn sem átti vel við á þeim tíma þegar ögra átti gömlum gildum og kynslóðir tókust á.“

„Nafn sem þýðir ekki neitt en er orðið að sjálfstæðu fyrirbrigði og nær nú yfir þessa frábæru músík sem Gunnar Þórðarson og félagar voru að gera á þessum tíma.“

4 GRÝLURNAR



„Hvað annað kallar maður kvennapónksveit? Smellpassaði á sínum tíma.“

„Íslenskt og töff – hvað er hægt að biðja um meira?“

„Var þetta ekki tilvitnun í Pétur Kristjánsson sem kallaði konur „Grýlur“? Flott nafn og passaði ótrúlega vel.“

5 FORGARÐUR HELVÍTIS



„Hljómfagurt og myndrænt nafn sem gjörsamlega öskrar að manni og ósjálfrátt myndar maður hornmerki Satans með fingrunum, án þess að hafa ætlað sér það.“ „Skemmtileg tilbreyting frá öllum þessum asnalegu ensku nöfnum sem eru hvort sem er ekkert annað en eilíft rip-off upp úr Kerrangblaðinu.“

„Segir allt sem segja þarf um tónlistina. Þetta band er varla að spila á böllum, er það?“



HLJÓMSVEITARNAFNIÐ GETUR HREINLEGA SKIPT SKÖPUM FYRIR HLJÓMSVEITIR OG ÞAÐ ER MJÖG MIKILVÆGT AÐ VANDAÐ SÉ TIL VALSINS. SIRKUS RVK FÉKK NOKKUR VALINKUNN SMEKKMENNI TIL AÐ FARA YFIR HLJÓMSVEITANAFNAFLÓRUNA Í ÞVÍ AUGNAMÍÐI AÐ FÁ NIÐURSTÖÐU UM BESTU OG VERSTU HLJÓMSVEITARNÖFN ÍSLENSKRAR POPPSÖGU.

SVEITARNÖFN!

VERSTU HLJÓMSVEITARNÖFNIN

1 SKÍTAMÓRALL

„Einar Bárðarson gerði strákgreyjunum óleik þegar hann klindi þessu ömurlega nafni á bandið.“

„Í fyrsta lagi er „móral“ bara alveg mjög ljótt orð og að bæta skitnum við er rugl. Athuga þer að engir fordómar eru í þessum dómi. Lagið „Hún“ er bara allt í lagi lag en Skítamóral er samt ógeðslegt nafn á hljómsveit.“

„Hefði passað á pönkgrúbbu en ekki á sveitaballa hnakkapopp. Og ekki er Skímó skárra!“

í bandinu. Á að vera hnyttid og sniðugt, en hittir engan veginn í mark.“

„Einstaklega beinskeytt nafn sem leggur öll spilin á borðið. Ekkert nafn rammar betur inn sjálfseksa (selfiska) hnakkatöfara sem hugsa töluvert meira um útlit en innihald í tónsköpun sinni. Eilíf sjálfseksa og skítamóral hlýtur að leiða til þess að menn stinga hvorn annan í bakið áður en yfir lýkur. Ég mælist til þess að örnefnið Selfoss verði framvegis ritað Selfish á kortum Landmælinga Íslands.“



2 SÁLIN HANS JÓNS MÍN

„Ha ha, voða sniðugt: Jón Ólafsson að spila soul tónlist. Not“

„Nafn sem byrjaði í flippi en menn hafa ekki haft rænu á að skipta um nafn ennþá. Þeir gera það varla úr þessu!“

„Furðulegt að hljómsveit með svona ömurlegt nafn skuli hafa náð svona langt.“

„Alveg glatað nafn og ekki tókst betur til þegar hljómsveitin ætlaði að meika það í útlöndum: Beaten Bishops!“



3 HEITAR LUMMUR

„Þetta er eins og nafn á hljómsveit í Áramótaskaupinu.“

„Þetta koncept er alveg glatað – Lummurnar er sennilega ein lummulegasta hljómsveit Íslandssögunnar og að fara að uppdæta það eitthvað? Lummulegt nafn? Alveg greinilega gert með það að markmiði að þetta seljist, eins og hvað, jú, heitar lummurohh, maður fær illahroll!“

„Týpískt nafn fyrir einhverjar vonlausar og ömurlegar ídol stjörnur. Þetta nafn er jafnþægilegt og Bachelor með gömlu fólki myndi vera.“

4 SIGN



„Er verið að tala um að signa sig? Er þetta þá kristileg hljómsveit? Mjög léleg nafnagift.“

„Hvort á maður að segja sign eða sæn?? Hvað er sign? Meika ekki nöfn sem allir segja á mismunandi hátt.“

„Veldur endalausum misskilningi um framburð.“

5 ÆLA



„Ljótasta hljómsveitarnafn sem ég hef heyrð er Æla. Vekur upp vondar tilfinningar og segir gjör-samlega ekkert til um hvernig tónlist eða at-gervi er verið að reyna að koma á framfæri. Mjög vont nafn.“

„Maður fær nú bara ælubragð í munninn...“

„Svo vont nafn að það verður eiginlega gott með tímanum. Gottvont!“

ÖNNUR VOND NÖFN

Klamíða X

„Hreinlega óskiljanlegt af hverju miðjumoðs-metnaðarpopp-band frá tíunda áratugnum skír sig í höfuðið á skæðum kynsjúkdómi. Til þess að finna svipaðar nafngiftir þarf eiginlega að leita í Grindcore-Trash Metal geirann, en þar er einmitt ein óhugguleg sveit sem heitir Anal Cunt.“

Jet Black Joe

„Þegar íslenskir unglingar stofna hljómsveitir og semja á ensku er enskunnáttan oft því miður ekki uppá marga fiska eins og var til að mynda tilfellið hér. Mjög grunnhyggið, aulalegt nafn á annars frábærri hljómsveit.“



Buttercup

„Tilgerðarleg hnakkapopsveit sem söng á íslensku en titlaði sig ensku nafni yfir blómið brennisóley. Slíkt nafn veldur manni a.m.k. aðeins minni klíju heldur en tilhugsunin um smágert og fitugt smjörstykki.“

Sólstrandargæjamir

„Birtingarmynd íslensks plebbisma í sinni tærustu mynd. Tilhugsunin um hljómsveitina færir manni ósvikinn aumingjahroll um slorugt fásinni í menningarsnaudu krummaskuði úti á landi, þar sem unglingarnir keyra um í snjöpvegnum gallafötum með hlandgular strípur í hárinu og bilgræjurnar eru blastaðar á rúntinum með hittaranum: „Rangur maður.“

Mezzoforte.

„Lyftupopphljómsveitin sem var óskabarn þjóðarinnar á fyrri hluta níunda áratugarins. Sú staðreynd breytir því ekki að nafn sveitarinnar var einstaklega tilgerðalegt og í raun óskiljanlegt í augum þeirra sem ekki höfðu lagt að baki langt tónlistarnám. Hinn „miðlungssterki“ metnaður hinna langskólagengnu reis hvað hæst í 17. sæti breska vinsældalistans en koðnaði niður sem yfirborðskennt undirspil við skjáauglýsingar og tiskusýningar.“

Benni Hemm Hemm.

„Firnagóð og skemmtilega fjölmenn krúttipopsveit sem ber óheppilegt gælunafn aðalsprautunnar. Þegar nafnið bar fyrst á góma hélt maður að hér væri á ferðinni einhver plebbískur kassagítartuglari af Celtic Cross eða Ásláki í Mosfellsbæ. Fyrirgefðu Benni...“

Hölt hóra

„Nafnið var víst eitthvað flipp til að byrja með og átti ekki að vera endanlegt en festist því miður. Er auðvitað alls ekki „politically correct“, alls ekki gripandi og heldur ekki fyndið. Aulahúmor!“

Graflk

„Eitt af þessum tilgerðarlegu hljómsveitarnöfnum 9. áratugarins, eins og Rikshaw eða Vox eða hvað þau hétu þessi bönd. Agalegt nafn á hljómsveit. Það var einu sinni til prentsmíðja með þessu nafni og hún fór á hausinn.“

Todmobile

„Menn voru alveg ótrúlegir í nöfnunum undir lok 9. áratugarins. Todmobile – hvaða farartæki er nú það?“

Sólán skein sól

„Skánaði ekkert þótt því væri breytt í SS sól, er það ekki einhver deild í SS-sveitunum?“

Á móti sól

„Einmitt þegar hnakkapoppið ætlaði allt að drepa kemur enn ein „sólarsveitin“ til að kapitalæsa á það sem betri sveitir höfðu gert margfalt betur á undan.“

Sóldög

„Æ plís!“

Megasukkk

„Megas og Súkkat? Hmmm? Voða frumlegt.“



Nylon

„Nylonsokkabuxur eru óþægilegasta flík sem hefur verið fundin upp og af fordómum við allt sem er úr Nyloni mun ég aldrei hlusta á þessa grúbbu, 100% gervidrasl sem fuðrar upp á nó tæm.“

Soðin fiðla

„Það þarf nú ekki einu sinni að eyða orðum í hversu vont þetta nafn er.“

ÁLITSGJAFAR:



Kristján B. Jónsson hjá Eddu miðlun.



Egill Helgason



Beta rokk



Egill Harðarson, MP3-bloggari



Katrín Atladóttir (www.katrin.is),



Arnar E. Thoroddsen tónlistarrýnir á Mbl.



Kristinn Pálsson (textagerðamaður).




Freyr Ejlósson




Dr. Gunnir.



HLJÓMSVEITIN
HÖLT HÓRA



1 SIGUR RÓS GAF FYRSTA LAGIÐ SITT
ÚT UNDIR NAFNINU VICTORY ROSE.



2 COLDPLAY NOTAÐI Í BYRJUN NAFNIÐ STARFISH.

20

HLJÓMSVEITARNÖFN SEM VAR ÆTLAÐ AÐ SJOKKERA

Á ákveðnu tímabili í lífinu finnst mörgum það viðbjóðslega og það sem sjokkerar vera smart og spennandi. Þessi hljómsveitarnöfn voru fundin upp á því tímabili.

- Rotnandi fóstur
- Gyllinæð
- Brunni BB
- VBV (Vinstra brjóst Vigdísar)
- Anal Vomit
- Sjálfsfróun
- Æla
- Gubbrass
- Sjúðann
- Drulla
- Halló og heilasletturarnar
- Hölt hóra
- Kúkur í poka
- Nefrennsli
- Nýnasistur
- Rotþróin
- Þvag
- Ræsið
- Sarðnaggar
- Steiktir naflar



3 SPILVERK ÞJÓÐANNA SPILAÐI Í
UPPHAFI UNDIR NAFNINU
HASSANSSMJÖR.



4 SYKURMOLARNIR SPILUÐU
FYRSTA GIGGIÐ SITT UNDIR NAFN-
INU ÞUKL.



5 THE BLACK CROWES SPILUÐU
LENGI UNDIR NAFNINU MR.
CROWE'S GARDEN.



6 THE CRANBERRIES HÉT FYRST THE
CRANBERRIES SAW US.



7 THE EAGLES ÆTLUÐU FYRST AÐ
NOTA NAFNIÐ TEEN KING AND
THE EMERGENCIES.



8 THE GRATEFUL DEAD HÉTU THE
WARLOCKS Í UPPHAFI FERILSINS.



9 VAN HALEN SPILUÐU Í UPPHAFI
UNDIR NAFNINU MAMMOTH.



10 LEMMY Í MOTÖRHEAD ÆTLAÐI
FYRST AÐ KALLA HLJÓMSVEITINA
BASTARD.

10 ÓVENJULEGUSTU HLJÓMSVEITARNÖFNIN

AÐ VELJA ÓVENJULEGT NAFN Á HLJÓMSVEIT ER MJÖG STERKUR LEIKUR EN ÞAÐ ER EKKI EINFALT AÐ FINNA EITTHVAÐ
VERULEGA GOTT. ÞESSUM TÓKST ÞAÐ:

Ég
Bolorinn hjá þeim er góður: „ÉG er frábær (hljómsveit)“

Jón
Hljómsveit sem ætlaði að spila frumsamið efni á böllum 1970.
Varð ekki langlíf.

Stafrænn Hákon
Það er bara einn í hljómsveitinni og hann heitir ekki Hákon
heldur Ólafur!

16 Eyrnahlífabúðir
Unglingarokkhljómsveit frá 9. áratugnum.

Mamma var Rússi
Fræbblarnir á 9. áratungum. Á tímabili hét hljómsveitin líka
Fitlarinn á bakinu.

Hið afleita þríhjól
Ljóðskáldin Jóhannar og Þór Eldon spiluðu surrealistiskt popp á 9.
áratugnum.

KFUM & The Andskotans
Hliðarband við Sniglabandið. Þeir fluttu m.a. lögin „Stella stálpíka“
og „Einar áttavílti“. Hétu á tímabili BG og Þegiðu Ingibjörg.

Alþjóðlega frimerkjabandið
Stefna: Stamp metal.

Hin konunglega flugeldarokksveit
Efnileg nýbylgjuhljómsveit sem Valdimar Flygenring var í á 9. ára-
tugnum

Sauðfé á mjög undir högg að sækja í landi Reykjavíkur
Rokkhljómsveit frá Selfossi.



VALDIMAR FLYGENRING
SPILAÐI MEÐ HINNI KON-
UNGLEGU FLUGELDAROKK-
SVEIT Á 9. ÁRATUGNUM

30

10 ERLENDAR HLJÓMSVEITIR

SEM HEITA ÞAÐ SAMA OG ÍSLENSKAR

STUNDUM HEFÐI VERIÐ BETRA AÐ GÚGGLA HLJÓMSVEITARNAFNINU SÍNU ÁÐUR EN ÞAÐ VAR TEKIÐ UPP.



APPARÁT

Apparát er listamannsnafn raftónlistartilraunakarlsins Sasha Funke sem er þýskur og gaf út sína fyrstu plötu 1998.



CORAL

Það er furðulegt að íslenska bílskúrhljómsveitin Coral hafi ekki skipt um nafn ennþá því vinsæl ensk hljómsveit hefur heitið þessu nafni síðan 1996.



LEAVES

Þjóðlagarokkband í anda The Byrds sem starfaði í Los Angeles. Á 7. áratugnum og sló í gegn með sinni útgáfu af „Hey Joe“.



MINUS

Hljómsveitin Minus var stofnuð í Oregon, USA, 1994 og hefur gefið út tvær stórar plötur. Þetta er tilraunakennð hljómsveit og blandar ýmsu saman, m.a. frjálsum djass-spuna og þungarokki.



BRAIN POLICE

Til eru tvær Brain Police fyrir utan þessa íslensku, en eru reyndar báðar hættar. Sú eldri starfaði í San Diego á 7. áratugnum og spilaði sýruhipparokk. Hún vann sér það helst til frægðar að hita upp fyrir Steppenwolf (Born to be Wild) og gera eina plötu, San Diegos Only Psychedelic Cops. Sú seinni var líka amerísk og spilaði þungarokk.



VINYL

Septettinn Vinyl kemur frá San Fransisco og spilar kraumandi stuðtónlist úr reggae, soul og djass-hráefnum. Eftir sveitina liggja tvær plötur sem fengið hafa góða dóma.



NYLON

Raftónlistarmaðurinn Nylon hefur gert það gott undanfarin ár. Kanadíski sönghópurinn The Nylons gaf svo út sína fyrstu plötu 1982 en er ennþá að og á miklum vinsældum að fagna heima fyrir.



SIGN

Ameríska prog og metal-sveitin The Sign hefur gert tvær breiðskífur og er enn að. Hljómborðsleikarinn Mark Mangold er aðalmaður sveitarinnar, en hann vann áður með Michael Bolton.



PELICAN

Listá-metal bandið Pelican frá Chicago hefur líklega litlar áhyggjur af bandinu sem Pétur Kristjánsson var í á 8. áratugnum.



KIMONO

Þýska popphljómsveitin Kimono er frá Berlin og hefur verið starfandi síðan 1999. Eftir sveitina liggja tvær plötur. Sveitin hefur verið meðvituð um íslensku Kimono í nokkurn tíma en nemti ekkert að gera í málinu. Nú er hin íslenska Kimono flutt til Berlínar og því er líklegt að þetta endi með málaferlum.



ÚR FJÖLDAFRAMLEIÐSLU Í HÁTÍSKU

TÍSKUVIKAN Í KÍNA VAR Í GANGI DAGANA 15- 22. NÓVEMBER. ÞAR SÝNDU UNGIR KÍNVERSKIR HÖNNUÐIR SKÖPUN SÍNA. MIKIÐ SÁST AF SKRAUTLEGUM HÖFUÐFÖTUM OG VORU SVARTUR, HVÍTUR OG RAUÐUR ALLSRÁÐANDI LITIR. EKKI SÁST MIKIÐ TIL KÍNVERSKRAR HÖNNUNAR HÉR ÁÐUR FYRR ÞEGAR KOMMÚNISTAFLOKKURINN VAR MED PUTTANA Í ÖLLU. HANN HEFUR Í SEINNI TÍÐ SLAKAÐ TAUMNUM Á ÝMSUM ÞÁTTUM SAMFÉLAGSINS, TIL DÆMIS MENNINGAR OG LISTALÍFINU. ÞANNIG HAFU KÍNVERSKIR HÖNNUÐIR FENGIÐ TÆKIFÆRI TIL AÐ LÁTA LJÓS SITT SKÍNA. EKKI MÁ ÞÓ GÆTA PÓLÍTIÐSKRAR ÁDEILU Í VERKUM LISTAMANNA EF ÞEIR VILJA EKKI EIGA Á HÆTTU AÐ LENDA Í ÞRÆLKUNARBÚÐUM. KÍNVERJAR HAFU HINGAÐ TIL VERIÐ MIKIÐ MEÐ ÓDÝRA FJÖLDAFRAMLEIÐSLU EN ERU NÚNA AÐ KOMA STERKIR INN Á HÁTÍSKUMARKAÐINN.







ÍSLENSKI LISTINN

TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	NickelBack	Photograph
2.	Kayne West	Golddigger
3.	Daniel Powter	Bad Day
4.	James Blunt	High
5.	Gawin Degraw	Follow Through
6.	Mattafix Big	City Life
7.	Click Five	Just The Girl
8.	Crossfade	Cold
9.	Bon Jovi	Have A Nice Day
10.	Sugarbabes	Push The Button
11.	Green Day	Wake Me Up When...
12.	Lee Ryan	Army of Lovers
13.	Black Eyed Peas	My Humps
14.	Madonna	Hung Up
15.	Skítamóral	Hún
16.	Simon Webbe	Lay Your Hands Down
17.	Sálin	Undir Þínum áhrifum
18.	Pussycat Dolls	Stick Wit U
19.	Ryan Cabrera88	Shine On
20.	311	Don't Tread On Me



HLJÓMSVEITIN NICKELBACK ER Í EFSTA SÆTI ÍSLENSKA LISTANS.

LIGHTS ON THE HIGHWAY

Á FERÐ UM BRETLAND

HLJÓMSVEITIN LIGHTS ON THE HIGHWAY HEFUR HAFT Í NÓGU AÐ SNÚAST AÐ UNDAFÖRNU. NÚ ERU ÞEIR LAGÐIR AF STAÐ Í TÓNLEIKA FERÐ TIL BRETLANDS. BLAÐAMAÐUR SIRKUS RVK HITTI ÞÁ HALLA, AGGA OG KRISTÓ Á SKEMMTI-STAÐNUM DILLON OG FÉKK AÐ SKYGGNAST INN Í FJÖLBREYTT LÍF LIGHTS ON THE HIGHWAY SEM HEFUR AÐ GEYMA GRÚPPIUR, RACHEL, LONDON OG FLEIRA.

Drengirnir í hljómsveitinni Lights on the Highway luma á mörgum skemmtilegum og forvitnilegum sögum. „Við erum eiginlega fullorðnir unglingar sem erum héðan og þaðan af landinu, en varstu ekki búin að ákveða einhverjar sniðugar spurningar en ekki þessar týpísku,“ segir Aggi þegar bandið er spurt um upprunann. Blaðamaður tekur á sig rögg og reynir að vanda sig.

MISLUKKAÐ FORVARNARMYNDABAND

Fyrsta myndband hljómsveitarinnar við lagið Said Too Much var tekið úr spilun. Fólk vildi meina að þar væri á ferðinni nastastaáróður. Myndbandið við nýjasta lag þeirra, Long summer dining, hefur verið í spilun undanfarið á sjónvarpstöðvum landsins. Það er sambland af forvarnar-myndbandi og svipmyndum af hljómsveitarmeðlimum úti að grilla. Forvarnar-myndbandið var gert af American Mental Institution of Health í kringum hippatímabilið sem snérist upp í andhverfu sína að mati hljómsveitarmeðlima. „Myndin var eiginlega bara auglýsing fyrir sýru og frekar illa gerð. Eiginlega meira uppörvandi ef eitthvað er“ segir Halli um þessa merkilegu mynd. „Ætli við séum ekki bara að reyna að segja að við aðhyllumst að sýra hlutina upp í svona sýrurokkband,“ segir Aggi en strákarnir stoppa hann af. Hann sér að sér. „En það er samt fyrst og fremst Gulli sem á heiðurinn að myndbandinu, en okkur fannst svolítið leim að hafa bara okkur grillandi í sólinni,“ segir Aggi og bætir við að annað myndband sé á leiðinni.

ÚTRÁS OG GRÚPPIUR

Strákarnir fóru á síðasta ári í keppnina „Battle of the bands“ og komumst þar í samband við aðila erlendis. „Þar hittum við fólk sem við erum búin að vinna með síðan. Þar er fólk að vinna eiginlega ókeypis að kynningu okkar,“ segir Kristó.

„Ein mjög góð vinkona okkar sem heitir Rachel er úti að plögga staði og kynna okkur úti,“ bætir Aggi við en Rachel þessi mun



vera nokkurskonar umboðsmaður sveitarinnar. Hún virðist standa sig ágætlega því talsverð eftirspurn er eftir bandinu.

Inni á Dillon er mættur maður að nafni Emil sem segist vera bílstjóri og lífvörður drengjanna. Hann var einmitt beðinn að vera lífvörður Quentin Tarantino þegar hann kom til landsins á dögnum. Emil þurfti þó að afþakka boðið vegna meiðsla.

SKATTURINN ERFIÐUR

Strákarnir hafa verið band mánaðarins á Kooba Radio sem er vefútvarp í London með stóran hlustenda hóp að sögn strákanna. Í kjölfarið hefur verið haft samband

við drengina frá Bandaríkjunum. „Útvarpsstöðin vildi einmitt gera Jameson State að þjóðsöng Íslands,“ segir Halli.

En grúppiurnar?

„Takk“ segir Kristó og hlær. „Maður hefur nú alveg lent í þeim“ bætir Aggi við en þeir vilja samt ekki tjá sig mikið um íslenskar grúppiur.

„Eitt er samt svolítið pirrandi, ef ég má tala um eitthvað annað,“ segir Aggi. „Maður fær borgað fyrir tónleikahald svo fær maður fokking 160.000 króna rukkun frá skattinum ári seinna. Hvað er málið með það?“ Rokkið er ekki eintómt sældarlíf greinilega. -KRV

MARKMIÐIÐ ER AÐ LÁTA FÓLK TRANSA

HLJÓMSVEITIN MASTERMIND PRESENTS THE REYKJAVÍK SWING ORCHESTRA ER FYRST OG FREMST MEÐ ROSALEGA LANGT NAFN. FERILL SVEITARINNAR ER EKKI EINS LANGUR OG NAFNIÐ EN ENGU AÐ SÍÐUR ER HÚN LÍKLEG TIL AFREKA. SIRKUS RVK NÁÐI TALI AF FORSPRAKKA SVEITARINNAR.

Hljómsveitin Mastermind presents The Reykjavík Swing Orchestra er að koma sterk inn í danstónlistarsenu. Hún er einungis búin að halda tvenna tónleika og orðið á götunni er mjög gott. „Við spilum klukkan eitt á laugardagskvöldinu á Airwaves með átta lagaprógram á Pravda. Það var frekar tómt til að byrja með enn undir lokin var komin alveg geðveik stemmning“ segir Ingi Þór Kjartansson forspraki hljómsveitarinnar. Hljómsveitin er glæný; búin að vera til í rúma fjóra mánuði. Þau eru samtals fimm í bandinu, tvær sætar stelpur sem syngja og þrír sætir strákar. Einn á bassa og tveir að mixa restina. Ingi Þór segir að tónlistin sé vera nokkurs konar rafrænt house sem að allir geta hlustað á. „Þetta rúmast innan raf og danstónlistargeirans og en aðaláhriðaldurinn mundi hiklaust

segja sé T-World. Okkar markmið er að láta fólk transa.“ segir Ingi Þór megahress. „Þegar fólk fer á tónleika með okkur þá vil ég ekki að það þæli í því hvað þetta er góð tónlist. Frekar vil ég að hugsanir eins og „hvað get ég gert til að láta maka mínum líða vel“ fari um huga þess sem hlustar. Ég er sko ekkert að djóka með það.“ „Algjörlega,“ segir Ingi aðspurður hvort plata sé á leiðinni. „Við verðum eitthvað í stúdíói í desember en síðan þegar janúar kemur ætjum við að taka upp fyrir alvöru og gefa það út. Einnig verðum við að spila með Gus gus á útgáfu-tónleikum þeirra sem verða haldnir bráðlega. Þetta er gaman. Við ætlum að rokka þessu upp.“ segir Ingi. Núna er bara spurningin hversu langt er þangað til að hljómsveitin verður á allra manna vörum. Biðum bara og sjáum. -ÓHÓ



MASTERMIND HEFUR ÞAÐ AÐ LEIÐARLJÓSI AÐ LÁTA FÓLK TRANSA.

Opnum breyttu og stórglæsilega verzlun í Smáralind



Opnunartilboð

Bolir	1.990,-	nú 990,-
Peysur	3.990,-	nú 1.990,-
Jakkar	5.990,-	nú 3.990,-
Gallabuxur	5.990,-	nú 3.990,-

Tilboð gilda frá fimmtudegi til sunnudags eða á meðan birgðir endast



BLENDshe

BLEND®

BLEND – Smáralind – sími 544 4646
www.blendshe.com * www.blendofamerica.com

MEST SELDU LEIKIRNIR



CIVILIZATION 4 BER HÖFUÐ OG HERÐAR YFIR AÐRA LEIK Í PC HVAD SÖLUTÖLUR VARÐAR.



1. GRAND THEFT AUTO: LIBERTY CITY
2. STAR WARS BATTLEFRONT 2
3. RIDGE RACER
4. FIFA 06
5. BURNOUT LEGENDS
6. SSX ON TOUR
7. TWISTED METAL : HEAD ON.
8. PSP LUMINES
9. DYNASTY WARRIORS
10. MIDNIGHT CLUB 3 DUB EDITION



1. CIVILIZATION 4
2. CALL OF DUTY 2
3. STAR WARS BATTLEFRONT 2
4. QUAKE IV
5. MATRIX THE PATH OF NEO
6. AGE OF EMPIRES 3
7. SIMS 2 NIGHTLIFE
8. KING KONG
9. MOVIES
10. WORLD OF WARCRAFT



1. STAR WARS BATTLEFRONT 2
2. FIFA 06
3. PRO EVOLUTION SOCCER 5
4. TONY HAWK AMERICAN WASTELAND
5. BURNOUT REVENGE
6. SSX ON TOUR
7. GTA SAN ANDREAS
8. SPARTAN TOTAL WAR
9. CRASH TAG TEAM RACING
10. CLASSIC CRASH BANDICOOT



1. SINGSTAR 80'S
2. RATCHET : GLADIATOR
3. SINGSTAR 80'S (MEÐ MÍKRAFÓNUM)
4. STAR WARS BATTLEFRONT 2
5. GOLDENEYE: ROGUE AGENT
6. BUZZ
7. GUN
8. MATRIX THE PATH OF NEO
9. HARRY POTTER GOBLET OF FIRE
10. CALL OF DUTY 2 BIG RED ONE



ÞÆR HREFNA OG STEINUNN HONFA EINBEITTA Á SVEIN OG ÓLA REYNA AÐ RÁÐA FRAM ÚR RÁÐUM SÍNUM.



GROUNDHOG DAY

GETUR ÞÚ NEFNT FLESTALLAR MYNDIR SEM BRAD PITT HEFUR LEIKIÐ Í? ÓLI HJÖRTUR ÓLAFSSON BLAÐAMAÐUR HJÁ SIRKUS VISSI ÞAÐ EKKI ALVEG NÓGU VEL ÞEGAR HANN FÓR AÐ SPILA KVIKMYNDASPILIÐ MEÐ SVEINI WAAGE, MARKAÐSRÁÐGJAFI OG GRÍNISTA, STEINUNNI JAK-OBSDÓTTUR OG HREFNU BJÖRK SVERRISDÓTTUR, RITSTJÓRUM BLAÐSINS ORÐLAUS

Kvikmyndaspilið er nýjasta fjölskylduspilið á markaðnum og er komið í búðirnar. Spilið gengur út á það að svara sem flestum þrautum í spilinu og allt tengt kvikmyndum. Leikurinn gengur út það að leika senu úr bíómynd sem keppendur eiga að gíska um, reyna að muna myndir sem einhver ákveðinn leikari hefur leikið í eða leika titil myndarinnar. Allt þetta verður gerast á tveimur mínútum. Skipt er í lið og geta margir verið með í spilinu. Spilið er látbragðs- og spurningaspil í einu og svipar til spila eins og Actionary.

LEIKURINN HEFST

Keppendurnir Hrefna, Steinunn, Óli Hjörtur og Sveinn hittust á kaffihúsinu Prikid til að spila kvikmyndaspilið og voru flestir soldid skeptískir á spilið til að byrja með og vissu eiginlega ekkert hvað þau voru að fara út í. Hrefna og Steinunn pörðu sig saman í lið á móti þeim Óla og Sveini. Stelpurnar byrjuðu



á því að segja að þær væru ömurlegar að leika bíómyndir og strákarnir myndu örugglega vinna þá. En þær komu til að vinna sögðu þær. Teningnum var kastað og Sveinn byrjaði leikinn á því að leika atriði úr bíómynd og tók hann atriðið úr

Með allt á hreinu þar sem einhver freðhaus var að gera töfraatriði með höndunum. Sveinn stóð sig vel en Óli var ekkert að fatta hvaða atriði þetta var þangað til að dómurnar komu með rétta svarið. Þær fengu því að gera næst og tóku at-

KING KONG ER MÆTTUR Í TÖLVURNAR

Veturinn í ár ætlar að verða vetur King Kong. Meistari Peter Jackson sem kom Hringadrottinssögu á hvíta tjaldið er búinn að ljúka endurgerð á myndinni King Kong og samhliða bíómyndinni er tölvuleikur kominn út.

Á vefsíðu BT segir: Þessi leikur er hreint út sagt magnaður. Líklega hefur sjaldan verið lagt eins mikið í gerð eins tölvuleiks og King Kong. Ótrúleg grafík ásamt frábærri sögu koma saman í gerð þessa magnaða leiks. Þessi leikur er upplifun út af fyrir sig og ekki láta hann fram hjá þér fara.

Í dómum um leikinn er sagt að leikurinn sé algjört listaverk. Grafík, tónlist og hljóð sé fyrsta flokks. Hins vegar er sagt



KING KONG

að hann sé nokkuð langdreginn og sex klukkutíma spilatími (game-play) þykir fullmikið af hinu góða.

BOND MÆTTUR AFTUR

From Russia With Love er af mörgum James Bond aðdáendum talin besta myndin um þennan magnaða spæjara.



JAMES BOND – FROM RUSSIA WITH LOVE

Tölvuleikurinn um myndina er nýttkominn. Sean Connery (sem lék Bond í myndinni árið 1963) sér um talsetningu leiksins og ber Bond útlið hans. Tónlist og umhverfi leiksins eru einnig tekin beint úr myndinni. Óhætt er að mæla með þessum þriðju persónu skotleik við aðdáendur Bond á öllum aldri.



GREINILEGA GAMAN Í KVIKMYNDASPILINU.



HREFNA VEIT EKKERT HVAÐAN Á SÉR STENDUR VEDRIÐ.

GERÐI ÚTSLAGIÐ



NGA OG ERFIÐA BARÁTTU SEM INNIHÉLT ATRIÐI ÚR MYNDUM Á BORDI VIÐ GROUNDHOG NGA OG ERFIÐA BARÁTTU SEM INNIHÉLT ATRIÐI ÚR MYNDUM Á BORDI VIÐ GROUNDHOG



LEIKRÆNIR TILBURÐIR HJÁ STEINUNNI.

HVERNIG FANNST ÞÉR SPILIÐ?

Mér fannst þetta rosalega skemmtilegt spil. Það eina sem böggði mig er að lokaspjetturinn var soldið langdreginn en annars mjög skemmtilegt spil. **Steinunn 23 ára**



Þetta er mjög skemmtilegt spil. Þú þarft ekki að vita mikið um kvikmyndir til að geta spilað þetta spil. **Sveinn, 33 ára.**

Það sem er gott við spilið er að það hentar fyrir alla aldurshópa. Mér fannst spilið mjög gott og gaman. **Hrefna Björk, 23 ára.**



Fjölbreytt og fjörukt spil. Lokaspjetturinn langdreginn en ég mun spila það aftur, allveg bókað. **Óli Hjörtur, 27 ára**

riðið úr Titanic þar sem Kate og Leo héngu úti á stafni skipsins. Þær unnu það líka og voru stelpurnar komnar með verulega gott forskot, strákunum til mikillar gremju. Þær sögðu að þetta hefði komið þeim á óvart þar sem þær grunaði að þær

kæmust ekki langt í spiliinu. Eftir langa og erfiða baráttu, sem innihélt atriði úr myndum á borði við Groundhog Day, Shawshank Redemption og Antz, náðu strákarnir sig uppúr sleninu á lokaspjettinum, náðu stelpunum og voru

bæði teymin komin á lokareitinn. Án þess að fara með eitthvað lengra með það sigruðu stelpurnar leikinn með glæsibrag og þurftu því strákarnir að láta í minni pokann og fara heim meðskottið milli fótanna.

BESTI FÓTBOLTALEIKURINN Í DAG

Pro Evolution fótboltaleikirnir eru þeir bestu sinnar tegundar, á því leikur enginn vafi. Nú fyrir skömmu kom nýjasti leikurinn, Pro Evolution Soccer 5 út. Fótboltafíklar hafa margir hverjir legið yfir leiknum undanfarna daga og vikur og almennt er gríðarleg ánægja með leikinn. Sjálfur varð ég ekki fyrir vonbrigðum, en ég spilaði leikinn á Playstation 2. Reyndar bið ég enn eftir fótboltaleik sem mun toppa KICK OFF 2 eftir meistara Dino Dini, sem gerður var fyrir Amiga tölvur árið 1990. Eflaust get ég beðið alla ævi því líklega verður þeim hæðum aldrei náð. En óhætt er að segja að Pro Evolution Soccer 5 komist nálægt því að vera hinn fullkomni fótboltaleikur. Helsti kostur

TÖLVULEIKIR



EIÐUR SMÁRI TÆKLAR THIERRY HENRY, JOHN TERRY OG FABREGAS FYLGJAST MED.

leiksins að mínu mati er sá að allir geta spilað hann. Þú getur nánast dregið hvaða félagi þinn sem er inn í stofu, spilað við hann í hálf tíma og hann er orðinn sæmlega keppnisfær. Í fljótu bragði virðist heldur ekki vera nein ein örugg leið til að skora eins og hefur einkennt marga tölvuleiki á síðustu árum. Skemmst er að minnast FIFA 96 en þar nægði að komast upp að endamörkum og gefa fyrir; þá endaði knötturinn í netinu. Pro Evolution Soccer 5 fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum og ef fram fer sem horfir þá mun næsti leikur í seríunni enda með fullkomnun.

Hjörvar Hafliðason



PRO EVOLUTION SOCCER 5

★★★★☆

ÚTVARPIÐ ÞITT
ÞOLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X
97.7



Sádama Reykjavík



JET BLACK JOE SAMAN Á NÝ

SPILA Í TÍLEFNI 22 ÁRA AFMÆLIS GAUKS Á STÖNG.

Þetta verður bara sama gamla góða Jet Black Joe-stemningin eins og hún hefur alltaf verið. Það verður svakastuð,“ sagði Páll Rósinkrans þegar Sirkus truflaði hann síðla kvölds í vikunni.

Eins og alþjóð veit er Páll söngvari í Jet Black Joe og í tilefni 22 ára afmælis Gauks á Stöng ætla bandið að halda dúndurball næstkomandi laugardagskvöld. Jettararnir hafa komið með hittara á borð við Higher and Higher, I know og Freak Out og gjörsamlega trylltu landann á sínum tíma.

Eflaust verða þessir slagarar teknir ásamt fleiri góðum lögum sem að þeir hafa gert í gegnum tíðina á laugardaginn. Enginn ætti því að vera svikinn á Gauknum á laugardaginn. „Við höfum spilað mikið á Gauknum í gegnum tíðina. Það eru margar góðar minningar tengdar þeim stað,“ sagði Páll.

Er eitthvert kvöld sem að ber upp úr í minningunni?

„Nei, ekkert sem að ég man í fljótu bragði. Það hafa verið svo mörg góð kvöld á Gauknum. Það var jú eitt kvöld þar sem staðurinn var troðinn fyrirsetum. Það var fínt kvöld,“ sagði Páll.

Miðaverð á strákana er einungis skitnar 500 íslenskar krónur og með fyrstu 100 miðunum fylgir frír bjór. Það ætti enginn að vera svikinn með þann díl. En það sem brennur á margra manna vörum er, hvernig er hárið hans Páls núna?

„Það er stutt núna. Við sjáum til hvað skeður. Kannski læt ég það síkka. Tíminn leiðir það í ljós.“

-ÓHÓ



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER



HIMNARÍKI Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

Himnaríki eftir Árna Ibsen verður sýnt klukkan 20 og gerist á tveimur sviðum. Áhorfendur fá að sjá sýninguna hvorn hlutann fyrir og eftir hlé og varpar það nýju sjónarhorni á söguna. Annars vegar er það inni í sumarhúsi og hins vegar á sólpalli bústaðarins. Bráðfyndið leikrit.

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness fer til Hollywood að skrifa. Mun hann meika það? Skemmtileg dans- og söngrevía og það spillir ekki fyrir að sagan er meistaraverk. Þegar þetta er skrifað eru nokkur sæti laus. Tékið á þessu.

JÓLAÆVINTÝRI HUGLEIKS Í TJARNARBÍÓ

Gamanleikur með söng og dans fyrir alla fjölskylduna. Sýningin byrjar klukkan 20 og miðar renna út eins og heitar lummur.



ÍSLENSKA ÓPERAN

Kabarett, þið munið þetta með Lizu Minneli, verður sett upp í kvöld. Meðan Zweig teflir gegn Hitler í Borgarleikhúsinu er hér dansað og sungið gegn honum.

BORGARLEIKHÚSIÐ SÝNIR SÖLKU VÖLKU

Eins og við komumst að í Halldóri í Hollywood er Salka Valka verkið sem fleytti Laxness frá því að vera efnilegasti rithöfundur þjóðarinnar yfir í að vera sá besti.

LAUGARDAGUR 26. NÓVEMBER

HIMNARÍKI Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

Himnaríki eftir Árna Ibsen verður sýnt klukkan 20 og gerist á tveimur sviðum. Áhorfendur fá að sjá sýninguna hvorn hlutann fyrir og eftir hlé og varpar það nýju sjónarhorni á söguna. Annars vegar er það inni í sumarhúsi og hins vegar á sólpalli bústaðarins. Bráðfyndið leikrit.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Kabarett, þið munið þetta með Lizu Minneli, verður sett upp í kvöld. Meðan Zweig teflir gegn Hitler í Borgarleikhúsinu er hér dansað og sungið gegn honum.



HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness fer til Hollywood að skrifa. Mun hann meika það? Skemmtileg dans- og söngrevía og það spillir ekki fyrir að sagan er meistaraverk. Þegar þetta er skrifað eru nokkur sæti laus. Tékið á þessu.

LEITIN AÐ JÓLUNUM Í LEIKHÚSKJALLARANUM

Frum-sýning verður á þessu leikriti kl. 14. Þetta er leikrit fyrir alla fjölskylduna þar sem leitinni að jólunum eru gerð góð skil. Það er uppselt á þessa sýningu en ekki ör-vænta, það verða fleiri sýningar.



WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU

Mikið fyrir augað og eyrað með menn hangandi í köðlum syngjandi lög eftir Nick Cave. Eiríkur Jónsson ánægður.

KALLI Á ÞAKINU.

Sveppi er Kalli í þessari bráðskemmtilegri barnasýningu. Kalli verður í Borgarleikhúsinu kl. 14.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA Í IÐNÓ

Hilmar Snær er sín eigin kona í leikriti sem hefur slegið í gegn

SUNNUDAGUR 27. NÓVEMBER

BRYNHILDUR ER EDITH PIAF

Edith lifnar við og lifir enn í Þjóðleikhúsinu og virðist ódrepanði. Brynhildur er hreinlega að verða Edith, svo tilkomumikil er sýningin.



KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Í tilefni af 200 ára afmæli H.C. Andersen býður Þjóðleikhúsið upp á bráðskemmtilega sýningu fyrir alla fjölskylduna.

ALVEG BRILLIANT SKILNAÐUR

Edda Björgvins í öllum hlutverkum og alltaf uppselt. Edda kann sitt fag og fyllir Borgarleikhúsið.

LEITIN AÐ JÓLUNUM Í LEIKHÚSKJALLARANUM

Frum-sýning verður á þessu leikriti kl. 14. Þetta er leikrit fyrir alla fjölskylduna þar sem leitinni að jólunum eru gerð góð skil. Það er uppselt á þessa sýningu en ekki ör-vænta, það verða fleiri sýningar.

WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU

Mikið fyrir augað og eyrað með menn hangandi í köðlum syngjandi lög eftir Nick Cave. Eiríkur Jónsson ánægður.

KALLI Á ÞAKINU

Sveppi er Kalli í þessari bráðskemmtilegri barnasýningu. Kalli verður í Borgarleikhúsinu kl. 14.



ÉG ER MÍN EIGIN KONA Í IÐNÓ

Hilmar Snær er sín eigin kona í leikriti sem hefur slegið í gegn.

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER



SÓLON

DJ Heiðar Austmann verður í stuðinu á efri hæð Sólón á föstudagskvöldinu. Það er léttur föstudagur núna á Sólón og mun þá léttvín vera á tilboði eitthvað fram eftir. Kannski ekki allt kvöldið en þó eitthvað. En allavega Heiðar verður hress í búrinu. Það er fyrir víst.

HRESSÓ

Hljómsveitin MÁT verður hress á Hressó og spilar frá klukkan 22 til 01. Eftir það mun enginn annar en DJ Stjáni taka við og gera allt kreisi á dansgólfinu fram á rauða nótt. Spurning hvort að nóttin verði nokkuð rauð.



PRIKIÐ

Idolið í umsjón Palla, Siggu, Einars og Bubba verður á risaskjá á Prikinu. Eftir það tekur DJ Jói við með hinum hæfileikaríka Adda Trommara. Hann er víst trommari í annarri hverri hljómsveit Íslands. Svo hæfileikaríkur er hann.

PRAVDA

Atli skemmtanalögga verður á Pravda og mun gera allt vitlaust. Ef að það er ekki nóg þá verður Áki Pain líka hress á efri hæð. Það er alger óþarfi að flækja þetta. Bara dansa.

CAFÉ ÓLIVER

DJ Bjarki B. mun sjá um stemninguna á Café Óliver á föstudagskvöldinu. Sá staður verður örugglega pakkfullur eins og alla hina föstudagana. Eða svo hefur maður heyrt. Þetta verður örugglega ansi fróðlegt kvöld.

CAFÉ VICTOR

Victor mun halda Idól partí með trúbbanum Tryggva Trúbb, hvorki meiri né minna. Á eftir mætir plötusnúðurinn DJ Gunni og mun hann vera í massastuði eins og ekkert hafi í skorist.

DILLON

Hljómsveitimar Dikta og Dr. Spock verða að spila á Dillon Rock bar og byrja herlegheitin á slaginu kl. 22.30. Eftir það mun Andrea Jónsdóttir rokka fóninn. Eins og alltaf verður frítt inn á Dillon. Sannir rokkarar deyjaldrei.

VEGAMÓT

Um helgar breytist Vegamót í sveittan djammstað og munu þeir félagarnir Gullfoss & Geysir sjá til þess að ekkert fari úr skorðunum síðla föstudagskvöld. Fá sér bara einn eða tvo Breezer, dansa smá og þá ertu góður. Ansi hressandi.

GAUKUR Á STÖNG

Helgi Jónsson mun halda útgáfutónleika sína á föstudagskvöldið ásamt hljómsveit sinni. Pétur Ben mun hressa upp stemmarann á undan honum. Á efri hæðinni verður DJ Maggi að þeyta skífum og er frítt inn á efri hæðina. Húsið mun opna kl. 21.



KRINGLUKRÁIN

Það er snillingurinn Geirmundur Valtýsson sem mætir hress í Kringlukrána á föstudagskvöldinu. Hann mætir ekki einn heldur kemur hann með bandið sitt með sér. Þetta verður rosalegt.

LAUGARDAGUR 26 NÓVEMBER

PRIKIÐ

Þeir sem vilja hlusta á alvöru hiphop og R'n'B geta kíkt á Prikid á laugardagskvöldið og tjekkað á DJ Benna B-Ruff. Hann lofar „Bootyshake, machine gun booty“, eiginlega allt sem tengist booty. Gin í djús og bootyshaking er málið á laugardaginn.

ÓLIVER

JBK verður hress í búrinu á Óliver á laugardaginn. Herra Tarantino mun því miður missa af hans meistaratöktum þar sem hann er farinn til Bandaríkjanna. En allavega JBK verður á Óliver á laugardaginn. Um að gera að kíkja á kauda.

VEGAMÓT

DJ Dóri góðvinur okkar verður að spila á Vegamótum á laugardaginn. R'n'B, hiphop og fleira skemmtilegt mun hann Dóri matreiða fyrir hópinn. Þetta verður örugglega eitthvað skemmtilegt.

PRAVDA

Ríthmi og blús, diskó og ég veit ekki hvað og hvað verður á neðri hæð Pravda. Á efri hæð staðarins verður síðan danskeyrsla eins og Pravda er einum lagið. Kannski munu háskólanemarnir sýna sig og sjá aðra líka á laugardeginum.

NASA

Piltarnir í Ný Dönsk stíga á stökk á Nasasviðið á laugardagskvöldið. Þeir verða svaka hressir og kannski mun einhver þekktur koma og syngja með þeim. Það er nefnilega aldrei að vita.

HRESSÓ

Trúbadorarnir Böddi og Danni munu spila á Hressó frá klukkan 22 til 01. Eftir það mun DJ Stjáni verður hress á kantinum að spila alla nýjustu hittaranna. Þetta verður stuð.

BEGGABAR

Á Beggabar, Hraunbergi 4, mun trúbadorinn Viðar Jónsson taka vel valin lög og skemmta lýðnum til 3 um nóttina. Hann er mjög mikill aðdáandi Johnny Cash og mun hann kannski taka einhver lög eftir hann. „Ring Of Fire“ kannski.

BAR 11

Hljómsveitirnar Lada Sport, Bob og Heróglymur munu gera allt brjálað á Ellefunni á laugardagskvöldið. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og það bara kostar ekki krónu inn. Tékk it out.

CAFÉ VICTOR

D.j. Jón Gestur er búinn að lofa brjálaðri stemningu á Victor á laugardaginn. Heyrst hefur á götunni að hann sé búinn að gera allt brjálað þar áður fyrr. Þetta laugardagskvöld verður ekkert síðra.

STÚDENTAKJALLARINN

Hermigervill á afmæli um þessar mundir og í tilefni þess mun hann halda afmælistónleika í Stúdentakjallaranum og það kostar ekki rass inn. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.30. Til hamingju með afmælið Hermigervill!!!!

GAUKUR Á STÖNG

Jet Black Joe eru með stórafmælistónleika á neðri hæðinni. Inngangsverð er aðeins 500 kall og frír bjór fylgir hverjum miða. Er hægt að biðja um meira? Á efri hæð verður Doddi litli að spila og mun hann verða með ýms uppátæki. Þetta er fjör.

KRINGLUKRÁIN

Það er enginn annar en herra Geirmundur Valtýsson sem mun stíga á stökk á Kringlukránni. Hann mætir hress til leiks með bandið sitt og lofar magnaðri stemningu. Miðaverð er 500 kr.

DILLON

Hún Andrea Jónsdóttir verður á fóninum á Dillon og ef maður þekkir hana rétt mun hún matreiða einhverja skemmtilega kássu. Andrea er uppáhaldið okkar.

TÓNASTÖÐIN

„Battle Of The Bands“ keppni verður í Tónastöðinni á Granda á laugardagskvöldinu. Þetta er úrlitakvöld og mun sigurbandið í ár fara til London og keppa þar við 20 bönd frá hinum og þessum löndum. Þetta er nokkurs konar Eurovision Rock keppni sem að stækkar á hverju ári. Dómnefndin er ekki af verri endanum og einnig mun fólkíð í salnum taka þátt. Aðgangseyrir er 500 kall.

SÓLON

Á daginn er hann útvarpsmaður en um helgar er hann plötusnúður. Við erum að tala um engan annan enn DJ Heiðar Austmann sem mun gera allt brjálað á Sólón á laugardaginn.

SUNNUDAGUR 27 NÓVEMBER



LAUGARDAGSHÖLL

Loksins eru strákarnir í Sigur Rós komnir heim að halda tónleika fyrir heimamennina. Tónleikarnir eru núna á sunnudaginn og mun hljómsveitin Amina vera með þeim. Þegar þetta er skrifað hafa rúmlega 4.700 manns tryggt sér miða á tónleikana og eru einungis 300 miðar eftir í stæði. Núna fer hver að verða síðastur. Þið getið tryggt ykkur miða í verslunum Skífunnar, Smekkleysu plötubúð, 12 tónum og á miði.is. Miðaverð í stæði er 3.500 kr. og leggst síðan þínu miðagjald ofan á.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SÝNINGAR



KLING & BANG GALLERÍ

Örn J. Auðarson er með sýninguna – Miðgarður – Blárauður – Afgirtur reitur. Opið verður fimmtudag til sunnudags frá kl. 14-18. Sýningunni lýkur þann 4. des.

LISTASAFN ÍSLANDS

Ný íslensk myndlist II – Um rými og frásögn. Þetta er sýning á verkum 13 íslenskra samtímalistamanna og stendur hún yfir til 12. febrúar 2006

ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN

Á þjóðarbókhlaðunni er sýning á verkum Brynjólfs Sveinssonar. Listþyrstum einstaklingum gefst þó nægur tími til að skoða sýninguna því hún stendur yfir til áramóta. Opið er frá 9 til 20.

GALLERÍ 18

Þór Vigfússon verður með magnaða sýningu til 23. desember. Um að gera að kíkja á það sem Þór hefur verið að fást við.



LISTASAFN ASÍ

Magnús V. Guðlaugsson og Örn Þorsteinsson verða með myndlistarsýningu í Listasafni ASÍ. Magnús sýnir ljósmyndaverk, myndband og önnur ýmiss konar verk með blandaðri tækni. Örn sýnir höggmyndir steiptar í brons og ál. Sýningin er opin kl. 13-17 alla daga nema mánu-daga og mun standa yfir til 4. des.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Helga Birgisdóttir gerir sér lítið fyrir og sýnir verk sín í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningin þykir einkar athyglisverð um málverkasýningu er að ræða sem standa mun til áramóta.

GALLERY TURPENTINE

Sigtryggur Bjarni Baldvínsson er með sýningu í Gallery Turpentine. Það fer hver að verða síðastur að sjá verk Sigtryggs því hún stendur einungis yfir til 6. des..

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?



AFMÆLI GAUKSINS OG SIGURRÓS

Ætli maður kiki ekki bara á Kaffibarinn og Sirkus á föstudagskvöldið. Það eru barirnir. Á Laugardagskvöldið fer ég á Gaukinn þar sem haldið er upp á afmæli Gauksins og munu Jet Black Joe troða upp. Maður verður nú að skála við staðinn. Svo eru það Sigurrósartónleikarnir á sunnudaginn.

Kanski maður kiki á Vegamót eins og vanalega í þynkuborgarann eftir helgina.

Egill Tómasson, tónlistarmaður og athafnamaður.

GEIRMUNDUR VALTÝS ER MÁLIÐ

Á föstudagskvöldinu verð ég á Kringlúkránni þar mun Geirmundur Valtýs mun spika fyrir dansi sem mun verða hörkustuð. Á laugardaginn ætla ég að horfa í spegilinn og velta því fyrir mér til

hvers þetta er. Horfi svo á mína menn í Spaugstofunni. Seinna um kvöldið er ferðinni heitið á Kringlúkránni að sjá hann Geirmund Valtýs, enda aðaladðandi hans, getur vel verið að Haffi Heineken komi með en það fer eftir því hvað mikið er að gera hjá honum. Ef Geir er búin snemma mun ég fara á Victor því þar þeytir Dj Ingi Sigaretta skífum. Hann er minn maður.

Á sunnudaginn fer ég líklegast á B.S.Í að fá mér flatköku og Malt.

Gaukur Úlfarsson, dagskrágerðamaður.



JÓLAHLAÐBORD OG LEIKHÚS

Á föstudagskvöldið fer ég með vinnunni minni út að borða á ljúffengt jólahlaðbord. segir Halldóra Þorsteinsdóttir blaðakona á Bláðinu og Laganemi. „Laugardagurinn fer síðan bara í lærdóm og taka því bara rólega held ég. Á sunnudaginn verð ég að vinna eitthvað á Bláðinu um daginn og síðan um kvöldið fer ég með mömmu minni í leikhús,“ segir Halldóra alveg dúndurhress.

Haldóra Þorsteinsdóttir. Blaðakona og laganemi.



Á SÝNINGUNNI MUN SNORRI GERA UPP FERIL SINN SEM MYNDLISTARMAÐUR

„RETROSPECTIVE“ Í NÝLÓ

Snorri Ásmundsson er með sýninguna „Retrospective“ í Nýló. Á sýningunni mun Snorri gera upp feril sinn sem myndlistarmaður og ber þar ýmislegt á góma. Sýningin mun standa yfir til 19. desember næstkomandi og er Nýlistasafnið opið frá miðvikudegi til sunnu-

dags frá 13-17. Snorri hefur marga fjöruna sopið og safnað ýmsu í reynslusarpinn. Ekki skemmir fyrir að hann ber gerskan hatt á höfði þessa dagana eins og sönnum listamanni sæmir. Kjarval komst í það minnsta langt með sinn hatt.

Vertu tímanlega


- það borgar sig



Gúmmívinnustofan

587 5588


Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík



Hjólbarðahöllin

530 5700

Fellsmúla 24, 108 Reykjavík



Hjólbarðaverkstæði
Vesturbæjar

552 3470

Ægisíða 102, 107 Reykjavík



ÓSK ÓSKARSDÓTTIR HEFUR GENGID Í GEGNUM YMISLEGT EN HÆTTIR SAMT ALDREI AÐ ROKKA.

ROKKMAMMA Í BREIÐHOLT

ÓSK ÓSKARSDÓTTIR ER ÞRIGGJA BARNNA MÓÐIR Á BESTA ALDRI Í BREIÐHOLTINU, OG HÚN ER AÐ VINNA AÐ SINNI FJÓRÐU PLÖTU SEM HÚN GEFUR ÚT SJÁLF. ÞAÐ MÁ SEGJA AÐ HÚN HAFI ÁTT VIÐBURÐRÍKA ÆVI.

„Ég var að kaupa mér nýtt 16 rása Korg-upptökutæki sem ég er mjög ánægð með, ég tek allt upp hérna heima og læt mastera tónlistina úti,“ segir Ósk Óskarsdóttir, þriggja barna móðir á fimmtugsaldri sem vinnur við tónlist heima hjá sér. Þegar hún hefur lokið sér af fær hún Grammy-verðlaunahafann Bob Catz til að mastera tónlistina sína. „Ég fann hann Bob bara á netinu en ég hef gefið út þrjú diska og er að vinna að þeim fjórða, annars var ég að klára margmiðlunarbraut Iðnskólans í Reykjavík,“ segir þessi Breiðholtsmóðir sem lætur börnin sín þrjú ekki aftra sér í tónlistariðkun sinni.

UNDERGROUND

„Ég skellti mér bara á Hróarskeldu í sumar með 19 ára syni mínum Hunter,“ segir þessi eldhressa kona. Ósk er þó enginn nýgræðingur í tónlistinni. Hún hefur spilað með fjölda jaðar-

hljómsveita bæði hérna heima og erlendis. „Sem unglingur spilaði ég til dæmis frumsamið efni á milli atriða hjá Tríói Guðmundar Ingólfs (sem gerði Gling Gló með Björk),“ segir hún.

NEYDD TIL AÐ BYRJA MEÐ UPPTÖKUSTJÓRA

Ósk vann hæfileikakeppni á yngri árum, en var svikin um vinninginn sem voru 50 stúdíótímar. „Á þessum tíma var bara um eitt stúdío að velja, ég lenti í einhverju veseni með gaur sem vann í stúdíóinu, hann gaf mér þá úrslitakosti að byrja með sér eða að sleppa upptökum, svo að ekkert varð úr því, þá ákvað ég að flytja til Lundúna 22 ára gömul,“ segir Ósk

AMSTERDAM OG EIGIN ÚTGÁFA

Ósk bjó erlendis í sjó ár. Þá flakkaði hún milli Amsterdam, Lundúna,

Chicago og L.A. Hún ól tvö elstu börnin sín, Hunter sem er 19 ára, og Joseph, 17 ára, erlendis með þáverandi manni sínum, Laurie Driver. Hennar yngsta dóttir, hin fimmtán ára Anna, fæddist hér. Ósk kynntist Laurie í Amsterdam. „Hann hafði farið eftir pönkævintýrið í London í partí til Amsterdam og í lengst þar. Hann vann sem kokkur á einu af kaffihúsum borgarinnar þar sem hann fékk stóra klípu af hassi á degi hverjum til að bæta út í rétti dagsins.“ Laurie var trommari pönkhljómsveitarinnar The Adverts sem var fyrsta pönkbandið til að komast á topp tíu listann í Bretlandi. „Við vorum bæði í neyslu á þessum tíma og gekk ýmislegt á.“

FLÚÐI TIL BANDARÍKJANNA

„Við bjuggum í hústökuhúsi með hvorki rafmagni né heitu vatni. Ég hætti allri neyslu þegar ég komst að því að ég væri ófrísk,“ segir Ósk en

bætir við. „Þegar ég var komin 5 mánuði á leið kom Laurie heim með 1.800 pund sem hann hafði rænt af dílernum sínum. Stuttu síðar komu dílernir og vinir hans snarvitlausir og ég sá á eftir Laurie út um bakglukkann, hlaupandi yfir húspökin. Hann flúði til Belgíu. Við flugum svo til Bandaríkjana þar sem við bjuggum í tæp tvö ár í Chicago og L.A.“

Þetta hefur verið alvörurokk en, hvernig gengur í tónlistinni í dag?

„Jú, bara vel, ég stefni á að gefa út næstu plötu í mars, en á henni geri ég tónlist við ljóðin hans Michael Lohr. Ég sé um dreifinguna sjálf og auðvitað væri frábært að geta dreift henni úti líka. Svo er ég í samstarfi við Rúnu K. Tetzschner en hún var að gefa út barnabókina Ófétabörninn. Annað slagíð spila ég sem trúbador á upp-lestrarkvöldum við góðar undirtektir,“ segir Ósk um verkefnið í dag.

-KRV

KALLARNIR.IS Í PÓLÍTÍKINA

Ég var í útvarpsviðtali um daginn með Reyni Trausta og Eika Jóns á Talstöðinni og með okkur var Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Við vorum að ræða þarna allan andskotann, meðal annars kvótamálín, kellingar og fikniefnavandann. En síðan var ég spurður að því hvað ég myndi gera ef að ég fengi að skipta við forsætisráðherrann. Ég færi að stjórna landinu og hann færi að raka á sér punginn og þjálfa í Sporthúsinu. Þetta var nefnilega helvíti góð spurning og ég er búinn að velta þessu svöldið fyrir mér.

Við kallarnir höfum nú samt lengi verið að spá í að setja saman flokk. Þá myndi Hjöbbi Ká taka fyrsta sætið en ég mun þá líklega vera í 4. sæti sem verður baráttusæti því ég er pottþéttur á að við náum þremur mönnum inn. En ég nenni ekki að vera þarna nema ég verði bæjarstjóri. Það sem þarf að prýða góðan bæjarstjóra er góður pungur.

Við myndum byrja á því að stjórna Kópavoginum en miðað við vinsældir okkar þá er bara tímaspursmál hvenær við

myndum stjórna þessu landi. Þá er stóra spurningin, hverju breytum við þegar við verðum við stjórnvöllinn?

Við munum byrja á því að taka ökuskirteinið af kellingum til þess að byrja með. Ég er ekkert að reyna að vera leiðinlegur eða neitt en þær kunna bara ekki að keyra. Ég var alveg tilbúinn að gefa þessu séns, ég sagði alltaf: „Nei, þú getur ekkert alhæft að allir kvenmenn kunni ekki að keyra, ertu þroskaheftur?“ En ég hafði rangt fyrir mér. Það er vel hægt að alhæfa það. En ég er samt búinn að finna ástæðuna af hverju þær eru verri bílstjórar. Þær eru með lélegra fjarlægðar-



skyn en karlmann, það er scientifically proven. Hversu oft hefur maður ekki verið að keyra með kvenmann við hiðina á sér og þær öskra: „Viltu ekki keyra svona nálægt bílnum, er ekki í lagi með þig!“ Og maður er 6 metra frá næsta bíl.

En aðalástæðan fyrir því að þær blása sem bílstjórar er sú að þær geta ekki einbeitt sér bara að því að keyra. Þær þurfa alltaf að vera að gera eitthvað annað. Borða nammi, drekka kók, varalita sig, meika sig, fíka í útvarpinu, tala í símann, senda sms eða stara bara í spegilinn. Þær eru í rauninni að gera allt annað en að keyra! Og hvað gerist síðan, jú, þær keyra á okkur saklausu karlmenninga.

Við myndum herða reglurnar um nýbúa. Þeir verða að kunna að tala eftir ákveðinn tíma. Eftir að þeir eru búinir að vera hérna í 3-4 mánuði þá verða þeir að geta skilið hvað þú segir. Rúnkarinn hringsi um daginn og ætlaði að panta pítsu. Það á ekkert að vera svo gríðarlega erfitt, er það? Það er samt helvíti erfitt ef að gæinn á hinni línunni skilur ekki stakt orð í íslensku. Það tók greyið Rúnkaussinn svona um það bil korter að panta eina 16 tommu með pepperoní og sveppum og síðan fékk hann sent heim 12 tommu með skinku og ananas. Rúnkarinn er ennþá að jafna sig eftir áfallið.

Við myndum auðveldlega gera út um atvinnuleysið á landinu. Það þarf ekki einn einasti maður að vera atvinnulaus. Við erum með hugmynd að vinnu sem hægt er að sinna hvar sem er og hvenær sem er. Hversu oft hafði þið verið að hægja ykkur og hugsað: „Djöfull væri fint ef það væri einhver sem nennti að skeina mér núna, ég einfaldlega nenni því ekki.“

Sælaaaar, Gillzenegger




MAGIC KICK ENERGY

INTERNATIONAL BUSINESS
ECONOMICS
ECONOMICS
ECONOMICS
MAGIC KICK ENERGY

ÞAD ER ÞITT MÁL HVAD ÞU GERIR
**MAGIC VEITIR
BER ORKUNA**

STORLEIKURINN KING KONG ER KOMINN Í VERSLANIR



Þessi leikur er hreint út sagt magnaður. Líklega hefur sjaldan verið lagt eins mikið í gerð eins tölvuleiks og King Kong. Ótrúleg grafík ásamt frábærri sögu koma saman í gerð þessa magnaða leiks. Þessi leikur er upplifun út af fyrir sig og ekki láta hann fram hjá þér fara.

FRA LEIKSTJÓRA "LORD OF THE RINGS" PETER JACKSON.

KING KONG

FRUMSÝND Í KVIKMYNDAHÚSUM
14. DESEMBER



MYNDFORM
DREIFING
SÍMI: 534-0400



11 ÁRA AFMÆLI HERRA HAFNARFJARÐAR



Um helgina fylgir
öllum jakkafötum

**skyrta og
leðurbelti**

í afmælisgjöf frá okkur!



Opið um helgina:

Fös kl. 10-19

Lau kl. 10-18

Sun kl. 13-17

Firði Hafnarfirði

Sími 565 0073

Herra
hafnarfjörður

Hefurðu keypt þér eitthvað sætt nýlega?



Ertu nokkuð að missa af bestu kaupum ársins?

Draumaveröld kaupalkans,
meinfyndin og sönn í senn.

Geggjuð bók fyrir skvísur!
Skvísaðu einni í jólapakkann!